



Brottfallsnemar á námsstyrk

Jónas Hörður Árnason

Lokaverkefni til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Brottfallsnemar á námsstyrk

Jónas Hörður Árnason

Lokaverkefni til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf
Leiðbeinandi: Dr. Kristjana Stella Blöndal

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2015

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Jónas Hörður Árnason 2015

Reykjavík, Ísland 2015

Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar var að öðlast betri innsýn í reynslu ungs fólks á aldrinum 18-24 ára, sem horfið hefur frá námi á framhaldsskólastigi en hefur hafið nám að nýju og þiggur námsstyrk frá sveitarfélögum. Í rannsókninni voru tekin viðtöl við átta einstaklinga sem þegið höfðu námsstyrk í sex mánuði eða lengur. Niðurstöður leiddu í ljós að viðmælendurnir töldu sig hafa orðið utanveltu í samfélaginu og þeir upplifðu menntun/skólagöngu sem mikilvægan lið í að öðlast á ný viðurkenningu sem þátttakendur í samfélaginu. Sammerkt viðmælendum var miður góð reynsla í grunnskóla vegna félagslegs og/eða heilsufarslegs vanda og ófullnægjandi stuðnings af hálfu skólans, sem varð til þess að þeir urðu afhuga námi og skóla á unglingsaldri, en þetta átti drjúgan þátt í skipsbroti þeirra í framhaldsskóla. Fjárhagsstyrkur er undirstaða þess að nemendur geti sótt skóla þar sem þeir hafa ekki möguleika að sjá sér farborða og jafnframt því að stundað nám. Samband ráðgjafa þjónustumiðstöðvar við skjólstæðinga skiptir sköpum fyrir viðmælendur. Þeir telja áhrifaríkan stuðning og úrræði frá þjónustumiðstöð fyrst og fremst byggjast á persónulegri og einstaklingsmiðaðri aðstoð af hálfu ráðgjafa. Það sé líklegast til að skila árangri og þar með draga úr brottfalli í framhaldsskóla.

Abstract

The aim of the study was to get a better insight into the experience of 18-24 year old students who have dropped out of upper secondary education, but have re-enlisted and accepted a scholarship from their municipality. In this study, eight students were interviewed who had a scholarship for six months or more. Results showed that the students did not experience themselves as an important part of their community and that education is vital for them to be accepted participants of their community. The students had one particular thing in common. They all experienced a lack of educational support in Primary school, especially with social and healthcare issues. That led to them dropping out of school as teenagers, which in turn contributed to them dropping out of higher levels of education. Scholarships are vital for under-privileged students so that they can support themselves while pursuing an education. The relationship between student and consultant is vital for the student being assisted. Successful consulting is based on a variety of solutions provided by consultants. A personal and individualistic approach is the key to successful consulting, which minimizes drop out frequencies from higher levels of education.

Formáli

Rannsóknin er 30 ECTS eininga lokaverkefni til meistaraþrófs í náms- og starfsráðgjöf. Rannsóknin er eigindleg rannsókn, sem byggir á reynslu framhaldsskólanema sem þáðu námsstyrk frá Reykjavíkurborg. Markmið rannsóknarinnar var að innsýn í reynslu ungs fólks sem hafði horfið frá námi og þáði námsstyrk frá sveitarfélögum til að geta hafið nám á nýjan leik. Áhugi höfundar á málefnum vaknaði í kjölfar lesturs greinar Lindu Blöndal Hrafnkelsdóttur (2014) *Brottfallsnemar verða bótaþegar*, en greinin fjallaði um hversu fjölmennur hópur ungra karlmannna þiggur framfærslustyrk frá sveitarfélagi. Í greininni kemur einnig fram að hugsanlega megi rekja vanda margra þeirra sem þurfa á aðstoð félagsþjónustu sveitarfélaga að halda til brottfalls úr námi á framhaldsskólastigi. Margir þeirra sem sækja sér fjárhagsaðstoð til sveitarfélaganna hafa einungis lokið grunnskólanámi (Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir og Vala Jónsdóttir, 2012). Sem verðandi náms- og starfsráðgjafi fannst mér áhugavert að skoða á hvern hátt sveitarfélögin aðstoða brottfallsnemendur og stuðla að því að þeir snúi aftur í skóla og verði sjálfbjarga þjóðfélagsþegnar.

Rannsóknin er unnin undir handleiðslu Kristjönu Stellu Blöndal, lektors við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands og vil ég þakka henni innilega aðstoðina. Einnig vil ég þakka móðursystur minni, Hildi Harðardóttur, fyrir vandaðan yfirlestur og gagnlegar ábendingar. Sérstakar þakkir eru svo til kærustu minnar, Hörpu Grétarsdóttur, og móður minnar, Halldóru Harðardóttir, fyrir ómetanlegan stuðning og hvatningu.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Abstract	4
Formáli	5
Efnisyfirlit	6
1 Inngangur	7
1.1 Að fjárfesta í mannauði.....	9
1.2 Að koma í veg fyrir brottfall er þjóðfélagslegur ávinningur.....	10
1.3 Ástæður brottfalls á framhaldsskólastigi	12
1.4 Viðbrögð við brottfalli	15
1.5 Félagsþjónusta sveitarfélaga.....	18
1.5.1 Velferðarsvið Reykjavíkurborgar.....	18
1.5.2 Námsstyrkur	21
1.6 Rannsóknarspurningar	22
2 Aðferð	24
2.1 Þátttakendur	25
2.2 Framkvæmd	27
2.3 Úrvinnsla	27
3 Niðurstöður	29
3.1 Mótprói í grunnskóla.....	29
3.1.1 Áfall	30
3.1.2 Einelti	32
3.1.3 Pressa	33
3.2 Hindranir í námi	35
3.2.1 Vímuefnamisnotkun.....	35
3.2.2 Geðrænn vandi.....	37
3.3 Gildi menntunar	40
3.3.1 Auknir möguleikar á námi og störfum	40
3.3.2 Uppbyggilegt líf	42
3.4 Persónulegt ráðgjafasamband sem byggir á einstaklingsmiðaðri aðstoð	44
3.4.1 Þegar illa gengur	44
3.4.2 Þegar vel gengur	47
3.4.3 Greið samskiptaleið	48
4 Umræða	50
4.1 Stuðningur í grunnskóla	51
4.2 Að yfirstíga hindranir	52
Heimildaskrá	55
Viðauki 1. Viðtalsrammi	59

1 Inngangur

Menntun er hluti af því að einstaklingum og samfélögum farnist vel. Þeir sem eru langskólagengnir eru líklegri til að vera með hærri tekjur en þeir sem skemmri skólagöngu hafa, þeir búa jafnframt við betri heilsu og eiga síður við félagsleg vandamál að stríða. Hátt menntunarstig einstaklinga skilar sér í aukinni hagsæld samfélagsins (Becker, 1993; Brown, Hesketh og Williams, 2003; Eyjólfur Sigurðsson, 2013). Brottfall úr námi á framhaldsskólastigi þykir óásættanlegt og hafa rannsóknir sýnt fram á efnahagslegt mikilvægi þess að sporna gegn brottfalli (Bloom, 2010; Eyjólfur Sigurðsson, 2013).

Brottfall nemenda úr námi á framhaldsskólastigi er yfir meðaltali á Íslandi í samanburði við OECD löndin (OECD, 2011) og er íslensku samfélagi dýrkeypt. Innan sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu er fjölgun brottfallsnemenda mikið áhyggjuefni, en þeir sem hætta í framhaldsskóla án þess að ljúka formlegu námi eru líklegri til að þurfa á félagslegri aðstoð að halda en þeir sem ljúka formlegu náminu (Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir og Vala Jónsdóttir, 2012; Eyjólfur Sigurðsson, 2013; Ómar Valdimarsson, 2014).

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar til að kanna hvers vegna nemendur flosna upp úr í námi á framhaldsskólastigi. Aukinn skilningur á orsökum brottfalls er hluti af því að geta unnið forvarnarstarf og aðstoðað þá sem hafa hætt námi við að hefja nám á nýjan leik og ljúka því. Brottfall úr framhaldsskóla er ferli sem felst í því að nemandinn verður smám saman afhuga námi og skóla, þar sem lykilhugtak er skuldbinding í námi og skóla. Brottfall úr námi er ferli sem lýsir sér í því að skuldbinding nemandans til náms og skóla fer þverrandi og leiðir til þess að nemandi hættir að sækja skóla ellegar er vísað úr skóla.

Erfitt getur reynst að átta sig á orsök þess að einstaklingar flosna upp úr námi því undirliggjandi orsök þeirrar ákvörðunar að hætta í námi getur verið mjög flókin. Ýmis námsleg og félagsleg vandkvæði geta haft þau áhrif að nemandinn hættir í námi og nær þar með ekki að ljúka formlegu framhaldsskólanámi. Þessir erfiðleikar geta átt sér djúpar rætur sem jafnvel má rekja aftur til upphafs skólaskyldu nemandans. Þættir í umhverfinu, líkt og menntun og tekjur foreldra, skortur á stuðningi/úrræðum frá fjölskyldu, skóla eða samfélagi geta haft áhrif á brottfall úr framhaldsskóla. Einnig geta þættir í fari einstaklingsins sjálfs, á borð við viðhorf hans til skólakerfisins, haft áhrif á

námshættir í grunn- og framhaldsskóla. Ein helsta forspá fyrir brottfallshættu á framhaldsskólastigi tengist námsárangri í grunnskóla (Blöndal, Jonasson og Tannhauser; 2011, Falch og Strøm, 2008; Murray, 1997; Rumberger, 2011). Í mörgum tilvikum eru fleiri en einn þáttur þess valdandi að einstaklingur hættir í námi og illgerlegt getur reynst að sýna fram á orsakasamhengi milli einstakra þátta og þeirrar ákvörðunar að hætta í námi á framhaldsskólastigi (Rumberger, 2011).

Athygli var vakin á málefni brottfallsnemenda sem þiggja fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum í grein Lindu H Blöndal Hrafnkelsdóttur (2014). Þar kom fram að árið 2013 hafi þrjú þúsund karlmenn á aldrinum 18 til 34 ára þegið framfærslustyrk sveitarfélaga og er fjöldi ungra karla sem eru félagslega óvirkir og á bótum mikið áhyggjuefni innan félagsþjónustunnar. Í greininni koma einnig fram möguleg tengsl milli brotthvarfs úr framhaldsskóla og fjölda ungra karla sem eru á framfærslu sveitarfélaga.

Í frétt sem birtist á vefsíðu Hagstofunnar (2012) kemur fram að u.þ.b. fjórðungur þeirra sem hefja nám í framhaldsskóla eru ekki lengur við nám að fjórum árum liðnum. Eyjólfur Sigurðsson (2014) gerði úttekt á þjóðfélagslegum kostnaði vegna brotthvarfs nemenda á framhaldsskólastigi, sem og háskólastigi. Í skýrslunni kemur fram að talið er að framreiknaður kostnaður af brotthvarfi eins nemanda á framhaldsskólastigi geti numið allt að 14 milljónum árlega ef miðað er við verðlag ársins 2012.

Reykjavíkurborg hefur boðið upp á úrræði sem nefnist námsstyrkur, en um er að ræða fjárhagsstyrk og stuðning fyrir 18-24 ára einstaklinga sem uppfylla tiltekin skilyrði varðandi félagslegan vanda sem koma í veg fyrir að viðkomandi nái að stunda nám án inngrips frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar (Reykjavíkurborg, 2014). Þeir sem fá námsstyrk þiggja ekki einvörðungu fjárhagsstyrk, heldur eiga einnig rétt á markvissri stuðningsvinnu þar sem markmiðið miðast ætíð við að bótaþegi geti séð um sig sjálfur í framtíðinni og nái að sjá sjálfum sér farboða (Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir, 2012).

Ýmsar rannsóknir um hvernig bæta megi stöðu brottfallsnemenda á framhaldsskólastigi hafa verið gerðar innan lands sem utan (Bloom, 2010; Bridgeland, Dilulio og Morison, 2006; De Witte og Cabus, 2013; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Murray, 1997). Sigurjón Árnason (2012) kannaði afdrif þiggjenda námsstyrks í Reykjavík þremur og fimm árum eftir að aðstoðinni lauk. Fram kom að félags- og fjárhagsleg staða mikils meirihluta þátttakenda hafði batnað til muna og

einungis 1% af þeim sem tóku þátt í rannsókninni voru komnir aftur á fjárhagsaðstoð. Aðrar viðamiklar erlendar rannsóknir hafa ekki sýnt fram á slíkan árangur (Bloom, 2010; De Witte og Cabus, 2013). Úttekt á fjölda átaksverkefna í Bandaríkjunum sem náðu yfir 30 ára tímabil og miðuðu að því að bæta stöðu brottfallsnemenda, sem þáðu atvinnuleysisbætur eða aðra opinbera framfærslu, leiddi í ljós að bætt efnahagsleg staða brottfallsnema var takmörkuð og tiltölulega skammvinn (Bloom, 2010).

Markmið þessarar rannsóknar er að öðlast innsýn í hvernig ungu fólki á aldrinum 18-24 ára, sem hefur hætt í námi á framhaldsskólastigi og flokkast undir brottfallsnemendur, gengur að feta sig á ný í námi eftir að hafa byrjað að þiggja námsstyrk. Áhersla er lögð á að komast að raun um hvað olli því að ungmennin hættu í námi og hvers konar stuðning þau sjálf telja að muni gagnast þeim við að ljúka námi og verða sjálfbjarga eftir að fjárhagsstyrknum sleppir.

1.1 Að fjárfesta í mannauði

Á síðustu áratugum hafa samfélög þróast frá því að vera iðnaðardrifin til þekkingardrifinna hagkerfa. Eitt af lykilatriðum efnahagslegrar farsældar felst í því að fjárfesta í mannauði. Samkvæmt mannauðskeningunni eykur menntun framleiðni og tekjur samfélagsins (Becker, 1993; Brown o.fl., 2003). Því er mikilvægt að menntunarstig samfélagsþegna sé hátt þannig að auka megi farsæld viðkomandi samfélags. Á Íslandi hefur menntunarstig aukist undanfarin ár en samt sem áður ljúka færri formlegri framhaldsmenntun að loknum grunnskóla á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum og er brottfall á Íslandi yfir meðaltali OECD landanna (OECD, 2011).

Brottfall á framhaldsskólastigi þykir ekki æskilegt í þekkingardrífnu hagkerfi, ekki einungis vegna áhrifa á framleiðni í samfélaginu heldur einnig hvað varðar þroska einstaklingsins (De Witte og Cabus, 2013). Þeir sem ekki ljúka framhaldsskólanámi eru líklegri en aðrir til að verða atvinnulausir langtímum saman, þjást af heilsufarvanda og til að bera minni samfélagslega ábyrgð (e. social cohesion) (De Witte og Cabus, 2013; Rumberger, 2011) en ella.

Samstarfshópur um enn betra samfélag á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar og Rauða krossins í Reykjavík gaf út skýrslu sem fjallar um fátækt á Íslandi og hvernig hægt sé að sporna gegn henni (Birna Sigurðardóttir, Bjarni Karlsson, Halldór S. Guðmundsson, Hrafnhildur Gísladóttir, Katla Þorsteinsdóttir, Vilborg Oddsdóttir, 2012). Í skýrslunni

kemur fram að reynsla annarra norrænna landa sé að þeir sem hafi minnstu formlegu menntunina séu í áhættuhópi hvað skert lífsgæði áhrærir. Þessi hópur fer til dæmis verr út úr langtímaatvinnuleysi en þeir sem lengri skólagöngu hafa. Brottfallsnemendur í aldurshópnum 16-24 ára eru í sérstökum áhættuhópi hvað langtímaatvinnuleysi varðar, þar sem stærstur hluti þessa hóps hefur einungis lokið við grunnskóla. Í skýrslu um ungt fólk án atvinnu, virkni þess og menntun, sem unnin var fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið (2009) kom fram að langstærsti hópur langtímaatvinnulausra undir þrítugu (77,4%) hefur einungis lokið grunnskólaprófi. Því lengur sem atvinnuleysið varir þeim mun meiri líkur eru á örorku vegna versnandi líðanar og þverrandi virkni (Birna o.fl., 2012).

Atvinnuleysi getur haft ólík sálræn og félagsleg áhrif á ungt fólk og getur lengd atvinnuleysis átt drjúgan þátt í hversu mikil áhrifin verða á líf þess. Mikilvægt er að þessir einstaklingar fái stuðning, því þjóðfélög hafa ekki efni á að tapa þeim mannauði sem í þessum einstaklingum býr (Menntamálaráðuneytið, 1998). Í viðtölum við íslensk ungmenni á aldrinum 18-24 ára, þar sem þau lýsa upplifun sinni á atvinnuleysi, kom fram skortur á frumkvæði, stefnuleysi og mikið rötleysi, auknar reykingar, breyttar svefnvenjur og sólarhringnum snúið við. Einhverjir voru allsáttir við að vera á bótum og sáu ekki ástæðu til að breyta því á meðan aðrir voru þreyttir á ástandinu en gerðu lítið sem ekkert til að breyta því (Félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2009). Ungt fólk virðist gera sér takmarkaða grein fyrir þeim afleiðingum sem langtíma vanvirkni getur haft á líf þeirra (Birna o.fl., 2012). Í Reykjavík hafa félagsmálayfirvöld áhyggjur af afleiðingum langtímavanvirkni hjá ungu fólki og leggja mikið upp úr rannsóknum og könnunum á þessum hópi (Ómar Valdimarsson, 2014).

1.2 Að koma í veg fyrir brottfall er þjóðfélagslegur ávinningur

Árið 2012 komu út tvær skýrslur um úttekt erlendra aðila á Íslandi sem vöktu athygli á miklu brottfalli úr framhaldsskóla og neikvæðum afleiðingum þess á íslenskt samfélag. Í fyrrgreindum athugunum voru annars vegar skoðaðir möguleikar Íslands til vaxtar. Þar kom fram að mikið brottfall á framhaldsskólastigi á Íslandi sé eitt þeirra atriða sem gæti mögulega dregið úr vexti landsframleiðslu og því mikilvægt að sporna gegn því (McKinsey Scandinavia, 2012). Hins vegar voru höfuðborgir Norðurlandanna bornar saman. Miðað var við ýmsa félagslega og efnahagslega mælikvarða sem gefa eiga

hugmynd um samkeppnishæfni borganna. Reykjavík stendur höllum fæti gagnvart öðrum höfuðborgum Norðurlandanna hvað brottfall úr framhaldsskólum varðar og dregur það úr samkeppnishæfni Reykjavíkur (PriceWaterhouseCoopers Sverige, 2012).

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa lagt áherslu á að koma í veg fyrir brottfall nemenda á framhaldsskólastigi enda getur mikill kostnaður fylgt hverjum brottfallsnema. Eins og áður hefur komið fram eru brottfallsnemendur á framhaldsskólastigi líklegri til að sækja sér félagslega aðstoð en þeir sem lokið hafa formlegu námi. Líkur á að einstaklingur sem sækir sér félagslega aðstoð sé einungis með grunnskólamenntun eru 61%, mun meiri en einstaklingur með framhaldsskólamenntun, en þá eru líkurnar 31%, og einungis 9% hafi einstaklingur lokið háskólagráðu (Ásdís o.fl., 2012).

Í sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið árið 2013 gerði Eyjólfur Sigurðsson (2014) úttekt á þjóðfélagslegum kostnaði af brotthvarfi nemenda á framhaldsskólastigi, sem og háskólastigi. Samkvæmt skýrslunni nemur kostnaður af brotthvarfi eins nemanda á framhaldsskólastigi allt að 14 milljónum árlega ef miðað er við verðlag ársins 2012. Talið er að um það bil 29% þeirra sem skrá sig í framhaldsskólanám í fyrsta sinn að loknum grunnskóla séu ekki lengur við nám að fjórum árum liðnum. Samkvæmt því eiga 1259 einstaklingar á 16. aldursári eftir að hverfa frá námi, sé miðað er við alla þá sem skráðir voru sem nýnemar í framhaldsskóla haustið 2012. Samanlagður þjóðfélagslegur kostnaður af brotthvarfi þessa árgangs er áætlaður vera 17,7 milljarðar króna (Eyjólfur Sigurðsson, 2014).

Í útreikningi á þjóðfélagslegum kostnaði sem hlýst af brotthvarfi úr framhaldsskólum er meðal annars gerð grein fyrir minni skatttekjum út af auknum líkum á atvinnuleysi, svo og kostnaði sem fylgir félagslegri aðstoð við atvinnulausa brottfallsnema. Gerð er grein fyrir sundurliðuðum kostnaði sem fellur á einstakling, ríki og sveitarfélög miðað við skattlagningu tekjuársins 2012. Af þeim 14 milljónum sem tapast árlega vegna brottfalls hvers einstaklings sem hverfur frá námi á framhaldsskólastigi, miðað við verðlag 2012, verða sveitarfélögin af 1,8 milljónum (Eyjólfur Sigurðsson, 2014).

Vegna þess hve hátt hlutfall nemenda hverfur frá námi án formlegra námsloka og vegna félags- og efnahagslegs kostnaðar sem af því hlýst, eru sterk rök fyrir því að verja almennafé í þjónustukerfi og rannsóknir fyrir þetta unga fólk (Bloom D, 2010). Þetta

mætti túlka á þann veg að ef tekið væri lán sem bæri lægri vexti en 6,8% til þess að fjármagna verkefni sem kæmi í veg fyrir að nemendur flosnuðu upp frá námi á framhaldsskólastigi væri það þjóðfélaglega arðbært (Eyjólfur Sigurðsson, 2014).

Í skýrslu Eyjólfur Sigurðssonar (2011) fyrir Bandalag háskólamanna, *Æviteklar og arðsemi menntunar*, kemur fram að einstaklingur sem lýkur framhaldsskóla hafi 28,51% hærra tímakaup en hefði hann aðeins lokið grunnskóla. Ef sá hinn sami lýkur háskólanámi verða tekjur hans 88,87% hærri en hjá þeim sem aðeins lýkur grunnskólamenntun. Rouse (2007) gerði svipaða greiningu á áhrifum tekjutaps í Bandaríkjunum vegna ófullnægjandi menntunar einstaklinga. Í skýrslunni kemur fram að brottfallsnemendur úr framhaldsskóla greiða 42% minna í skatta til ríkisins á hverju ári en þeir sem lokið hafa formlegu námi við framhaldsskóla.

1.3 Ástæður brottfalls á framhaldsskólastigi

Ýmsar kannanir og rannsóknir, bæði erlendar og innlendar, hafa verið gerðar til að greina hvers vegna nemendur flosna upp úr námi á framhaldsskólastigi og öðlast þannig dýpri skilning á því ferli sem rekja má til þess að nemandinn verður smám saman afhuga námi og skóla (Bridgeland o.fl., 2006; Jón Torfa Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Kristjana Stella Blöndal, 2014; Murray, 1997). Í skýrslu frá Menntamálaráðuneytinu (1998) um eflingu náms- og starfsráðgjafar var lagt til að fylgst yrði með nemendum í framhaldsskóla og tryggt að nemandi hætti ekki í námi án þess að skrá sig formlega úr skóla og greina frá ástæðu ákvörðunar sinnar. Árið 2013 lét Mennta- og menningarmálaráðuneytið gera skráningu á ástæðum fyrir brottfalli nemenda sem skráðir voru í framhaldsskóla á vorönn 2013. Um var að ræða hluta af aðgerðum til að draga úr brotthvarfi nemenda úr framhaldsskóla. Samkvæmt skráningum hættu 1002 nemendur í 28 framhaldsskólum af 31 í námi án þess að ljúka prófum í lok vorannar. Langflestir þeirra sem könnunin náði til, eða fjórðungur nemendanna, hurfu frá námi vegna þess að þeir féllu á mætingu. Hvað olli slakri mætingu þessara nemenda var þó ekki kannað frekar og því ekki hægt að greina hver raunveruleg ástæða brotthvarfsins var. Aðrar algengar ástæður brotthvarfs voru þær að nemendur skiptu um skóla (11,7%), en það flokkast þó ekki sem eiginlegt brotthvarf. Einnig fóru 11% nemenda út á vinnumarkaðinn og 10,6% hættu vegna geðrænna veikinda (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013).

Rannsókn Jóns Torfa Jónssonar og Kristjönu Stellu Blöndal (2002), „*Ungt fólk og framhaldsskólinn*“, náði til allra Íslendinga fæddra árið 1975, samtals 4180 einstaklinga sem búsettir voru á Íslandi árið 1990. Í rannsókninni kom fram að helsta ástæða brottfalls meðal þess hóps væri, að mati svarenda, „að þeim leiddist námið“, en þetta átti við um 44% af öllum brottfallsnemunum. Í rannsókn sem gerð var meðal brottfallsnemenda í Bandaríkjunum sögðust 47% svarenda hafa hætt í skóla sökum þess að „kennslustundirnar vöktu ekki áhuga“ (Bridgeland o.fl., 2006). Sænsk langtímarannsókn leiddi í ljós að „námsleiði“ væri aðalástæðan fyrir brotthvarfi (Murray, 1997). Þrátt fyrir að allar þessar rannsóknir gefi vísbendingu um ástæðu fyrir brotthvarfi nemenda úr námi í einni setningu þá skýrir það ekki undirliggjandi orsök ástæðunnar fyrir þeirri ákvörðun að hætta í námi, til dæmis hver möguleg orsök námsleiðans gæti verið.

Ástæður brottfalls úr námi geta verið mjög flóknar og margir þættir sem þar spila inn í, bæði persónulegir og félagslegir. Í því skyni má nefna fjölskylduhagi og félagslegar aðstæður sem nemandinn býr við og færni hans í námi. Brottfall getur orsakast af áhrifum félags- og námslegra þátta, sem átt geta rætur að rekja allt til upphafs skólagöngu viðkomandi. Fyrri skólareynsla einstaklingsins getur haft áhrif á hegðun, viðhorf og árangur í námi, sem ýtt getur undir þá ákvörðun að hætta í námi eftir að skólaskyldu sleppir. Þessi vandi getur verið tilkominn vegna skorts á stuðningi og/eða úrræðum (Rumberger, 2011)

Í norski rannsókn sem náði til allra nemenda sem hófu nám á framhaldsskólastigi (videregående opplæring) í Noregi árið 2002 komu fram sterk tengsl milli félagslegrar stöðu fjölskyldunnar annars vegar og brotthvarfs nemenda hins vegar (Falch, Borge, Lujala, Nyhus, og Strøm, 2010). Brottfall er algengast meðal nemenda sem búa við bágbornar efnahags- og félagslegar aðstæður. Þetta er í samræmi við íslenskan raunveruleika, en brottfall er algengara meðal einstaklinga á Íslandi sem koma frá fjölskyldum sem búa við slaka félags- og efnahagslega stöðu (Blöndal o.fl., 2011).

Í norsku rannsókninni kemur fram að námsárangur í grunnskóla sé sterkasti einstaki forspárþátturinn fyrir brotthvarfi og seinkun á námsframvindu í framhaldsskóla. (Falch og Strøm, 2008). Aðrar rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að námsárangur sé einn sterkasti einstaki forspárþátturinn hvað brotthvarf áhrærir. Sýnt hefur verið fram á að nemendur

sem spjara sig ekki vel námslega séu í meiri brottfallshættu en aðrir nemendur (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Murray, 1997).

Þegar skoðaðar eru ástæður fyrir brottfalli, sem rekja má til fyrri reynslu úr grunnskóla, er þó ekki nóg að horfa eingöngu til frammistöðu í námi. Skuldbinding nemandans gagnvart námi og skóla hefur forspárgildi varðandi brottfall, þrátt fyrir að tekið sé tillit til námsárangurs svo og félags- og efnahagslegrar stöðu nemenda (Adalbjarnardóttir og Blöndal, 2012). Skuldbinding endurspeglar viðhorf og hegðun gagnvart skólakerfinu (þ.e. skólatengdri starfsemi, jafnöldrum og tengslum við foreldra) (Rumberger, 2011). Til að sporna við brotthvarfi vegur þungt að nemendur séu skuldbundnir náminu, ekki síður en að þeir nái árangri námslega (Fredricks, Blumenfeld og Paris, 2004).

Í rannsókn Kristjönu Stöllu Blöndal (2014) kom fram að skortur á hegðunar- og tilfinningalegri skuldbindingu gagnvart námi og skóla síðustu tvö árin í grunnskóla geti haft áhrif á framvindu náms eftir að komið er í framhaldsskóla. Unglingsárin geta markað djúp spor varðandi skuldbindingu einstaklings gagnvart námi og skóla. Nemendur sem sýna neikvæða hegðun gagnvart námi og skóla á unglingsaldri eru líklegri til að hætta í framhaldsskóla en þeir sem eru skuldbundnir námi og skóla (Eccles, 1993; Rumberger, 1995).

Á unglingsaldri getur stuðningur og hvatning frá foreldrum, kennurum og samnemendum haft mikið að segja fyrir skuldbindingu nemenda gagnvart námi og skóla (Adalbjarnardóttir og Blöndal, 2014; Rosenfeld, Richman og Bowen, 2009; Svandís Sturludóttir, 2012). Nýlegar rannsóknir hafa sýnt fram á að sterk tengsl milli nemenda og foreldra, svo og þess að eiga vini sem gengur vel í námi, minnka hættuna á brottfalli en það að eiga systkini sem hafa hætt í námi eykur á hinn bóginn líkurnar á brottfalli (Rumberger, 2011). Á Íslandi hafa uppeldisleg samskipti foreldra og tenging þeirra við skuldbindingu nemenda verið rannsökuð og hefur verið sýnt fram á að stuðningur, jákvæð hegðunarstjórn og viðurkenning virðast draga úr þeirri algengu þróun að skuldbinding dvíni á síðustu árum í grunnskóla, sem síðan eykur líkurnar á að nemendur hætti í námi á framhaldsskólastigi (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2005; Kristjana Stella Blöndal, 2014).

Stuðningur kennara og foreldra er mikilvægur til að auka skuldbindingu nemenda sem líður ekki vel í skóla (Fredricks o.fl., 2004). Breytingin á námsumhverfi hjá nemendum á unglingsaldri reynist sumum erfið, sem getur leitt til slælegs árangurs í námi. Á unglingastigi verður skólaumhverfið oft flóknara og ópersónulegra, auk þess sem námskröfur aukast (Eccles, 1993). Þá getur stuðningur sem nemendur fá frá skólakerfinu skipt máli. Nemendur sem eru skuldbundnir námi eru líklegri til að fá meiri stuðning frá kennurum (þ.e. hversu mikið þeir hlusta á, hvetja og virða nemendur) en þeir sem eru síður skuldbundnir námi (Svandís Sturludóttir, 2012).

1.4 Viðbrögð við brottfalli

Í flestum vestrænum ríkjum má finna aukna þörf á velferðarkerfi og minnkandi tekjur af skattainnkomu vegna brottfalls úr framhaldsskóla (Lamb og Markussen, 2011). Árið 2000 samþykkti Evrópuráðuneytið í Lissabon að hrinda úr vör átaki til að draga úr brottfalli. Stefnt var að því að hlutfall brottfallsnema úr framhaldsskóla yrði ekki umfram 10% árið 2012. En þar er miðað við að brottfallsnemandi sé 23 ára gamall einstaklingur sem hefur hætt í námi án formlegrar framhaldsskólamenntunar (De Witte og Cabus, 2013).

Á Íslandi hefur verið sett fram stefnumörkun af hálfu stjórnvalda sem byggir á sóknaráætluninni *Ísland 2020 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag*, þess efnis að árið 2020 verði hlutfall 20-66 ára gamalla Íslendinga án formlegrar menntunar á framhaldsskólastigi komið niður í 10% í stað 30%, líkt og nú er raunin. Stefnt verður að því markmiði að allir hafi aðgang að menntun við hæfi og úrræði verði þróuð til að koma til móts við þarfir og væntingar einstaklingsins, samfélagsins og atvinnulífsins (Forsætisráðuneyti, 2011).

Átaksverkefnið *Nám er vinnandi vegur* var hluti af aðgerðum ríkisstjórnarinnar *Ísland 20/20* til að sporna gegn brottfalli og draga úr atvinnuleysi. Átakið stóð yfir í þrjú ár, frá 2011 til 2014. Átakið var tvíþætt, annars vegar var því ætlað að tryggja að öllum undir 25 ára aldri sem uppfylla ákveðin skilyrði yrði gefinn kostur á skólavist og hins vegar að skapa námstækifæri fyrir atvinnulausa (Velferðarráðuneyti, 2011). Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2015 var ákveðið að veita ekki frekara fjármagni í verkefnið eftir að stýrihópur verkefnisins taldi að ekki væri grundvöllur fyrir að styrkja verkefnið

frekar. Áætlað er að öllum þáttum verkefnisins verði lokið um mitt ár 2015 (þingskjal nr. 144/2014-2015).

Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar til að meta árangur af fyrrgreindu verkefni. Í niðurstöðum rannsóknar sem gerð var á vegum Vinnumálastofnunar kemur fram að mikill meirihluti þeirra sem tóku þátt í verkefninu á þeirra vegum voru komnir í vinnu eða nám í kjölfar þátttöku í verkefninu. Haustið 2011 skráðu 960 einstaklingar sig í nám, sem verið höfðu atvinnulausir í sex mánuði eða lengur, og voru 15% þeirra enn á atvinnuleysiskrá í september 2013. Talið er að verkefnið hafi átti sinn þátt í að dregið hefur úr atvinnuleysi í kjölfar hrunsins árið 2008 (Maskína, 2013; Samband íslenskra sveitarfélaga, 2013).

Á meðan verkefnið stóð yfir innrituðu 1500 einstaklingar sig í nám á framhaldsskólastigi í tengslum við verkefnið (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2014). Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur gefið út tvær skýrslur um verkefnið *Nám er vinnandi vegur*. Í skýrslunum er greint frá könnunum sem ætlað var að skoða brottfall nemenda úr verkefninu, en brottfall þátttakenda úr verkefninu nam 21,3% á haustönn árið 2011 og 11,5% á vorönn árið 2012. Í könnununum var athugað hver helsta ástæða brotthvarfsins hefði verið og voru andleg veikindi og fjárhagslegir erfiðleikar oftast nefnd til sögunnar. Í könnununum var skoðaður munur á brottfalli einstaklinga í áttakinu á vegum Vinnumálastofnunar annars vegar og hinna sem voru í hópnum *25 ára og yngri* hins vegar. Í ljós kom að brottfall var töluvert minna úr hópi Vinnumálastofnunar en meðal þeirra sem tóku þátt í hópnum *25 ára og yngri*. Mun á brottfalli má að hluta til rekja til þess að þeir sem voru á vegum Vinnumálastofnunar þurftu að uppfylla kröfur um mætingu til að fá greiddar bætur fyrstu önnina í námi (félags- og húsnæðismálaráðherra, 2013; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012a; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012b).

Einnig komu í ljós sterkar vísbendingar í þá átt að stuðningur náms- og starfsráðgjafa hefði unnið gegn brottfalli einstaklinga sem tóku þátt í verkefninu (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012a). Fjölmarginir framhaldsskólar fengu aukalega fjárveitingu sem átti meðal annars að nota til að efla náms- og starfsráðgjöf í skólunum, þannig að unnt yrði að veita þeim sem þátt tóku í áttakinu stuðning og ráðgjöf. Mikil ánægja var með störf náms- og starfsráðgjafa innan Mennta- og

menningarmálaráðuneytisins við að styðja við bak þátttakenda (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012a; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2014).

Mýmörg verkefni hafa verið sett á laggirnar til að koma til móts við brottfallsnemendur víðs vegar um heiminn. Gerðar hafa verið þrjár umfangsmiklar úttektir á verkefnum í Bandaríkjunum, á hinum Norðurlöndunum og í Hollandi. Dan Blooms (2013) gerði úttekt á ellefu atvinnu- og/eða menntunarverkefnum um gervöll Bandaríkin sem ætlað var að aðstoða brottfallsnema á framhaldsskólastigi með áherslu á efnahagslegan ávinning (e. economic outcomes) fyrir þátttakendurna. Verkefnin eru svokölluð „second-chance“ verkefni, sem hafa verið notuð síðustu 30 ár í Bandaríkjunum og verið ítarlega metin. Niðurstöður úttektarinnar leiddu í ljós að engar langtímarannsóknir á verkefnum sýndu fram á varanlegar úrbætur á efnahagslegri stöðu þátttakenda. Skortur er á óyggjandi sönnunum á því hvaða úrræði og aðstoð geta leitt til aukinna tekna brottfallsnemenda sem eru illa staddir efnahagslega. Leggja þarf áherslu á að þróa áfram það sem hefur gagnast vel, ásamt því að finna nýjar leiðir sem skila árangri. Sem dæmi sýndu verkefni sem lögðu áherslu á aðstoð og úrræði sem beindust að geðrænum- og félagslegum vandkvæðum brottfallsnemenda ekki fram á fjárhagslegan ávinning. Úrræði sem beinast að stuðningi við nám og/eða bjóða upp á mismunandi atvinnuúrræði reynast betur í tengslum við efnahagslegan ávinning fyrir brottfallsnemendur, sem og samfélagið, í formi aukinna tekna (Bloom, 2010).

Á hinum Norðurlöndunum var svipað samræmi í úttekt og árangri á atvinnuleysisúrræðum fyrir brottfallsnemendur, sem verið höfðu atvinnulausir í sex mánuði eða lengur. Matið byggðist á gengi þeirra á vinnumarkaði, auk viðhorfa þátttakendanna sjálfra. Niðurstöður sýndu að því meira menntunar- og starfsþjálfunargildi sem úrræðin byggðu á þeim mun betri árangri skiluðu þau. Starfsleikni þátttakenda jókst og sjálfstraust styrktist við úrræðin (Félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2009; Ilse og Carle, 1998).

Í úttekt De Witte og Cabus (2013) í Hollandi kemur fram að meiri hluti verkefna sem ætlað var að sporna gegn brottfalli þar í landi höfðu ekki marktæk áhrif til lækkunar á brottfalli. Þeir þættir sem sýndu fram á marktæk áhrif til lækkunar brottfalls voru þeir sem sneru að einstaklingsbundinni handleiðslu/ráðgjöf og eftirfylgni, auk atvinnu- og

menntunarúrræða, þar sem brottfallsnemendum var boðið upp á nám sem byggir á samþættingu vinnu og náms (e. dual tracks).

1.5 Félagsþjónusta sveitarfélaga

Enginn einn heldur utan um menntunar- og virkniúrræði fyrir einstaklinga án atvinnu eða utan skóla án þess að eiga rétt á atvinnuleysisbótum (Félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2009). Í leiðbeiningum um reglur um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga kemur fram að sveitarfélagi sé skylt að sjá íbúum sem búa innan umdæmis þess fyrir framfærslu ef þeir geta ekki sjálfir séð fyrir sér og sínum (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2012). Brottfallsnemendur sem hafa enga starfsreynslu eða hafa misst réttinn til atvinnuleysisbóta enda margir á félagslegum bótum sem eru á höndum sveitarfélaga. Félagsþjónusta sveitarfélaganna leggur mikið upp úr stuðningi til sjálfshjálpar og er fjárhagsaðstoð hugsuð til skamms tíma. Samkvæmt 1. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga (nr. 40/1991) kemur fram að hlutverk hennar sé að efla einstaklinga sem sækja félagslega þjónustu til ábyrgðar á sjálfum sér og styðja þá eftir þörfum.

Einstaklingum sem þiggja fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum hefur fjölgað mikið undanfarin ár og huga þarf vel að nýtingu fjármagns sem sveitarfélögin hyggjast nýta í þennan málaflokk, þ.e. að fjármagnið fari þangað sem þörfin er mest (Gunnlaugur Júlíusson, 2014). Samkvæmt skýrslu frá Félags- og tryggingamálaráðuneytinu „*Ungt fólk án atvinnu - virkni þess og menntun*“ (2009) kemur fram að leggja þurfi áherslu á að beita áhrifaríkum aðferðum til að auka áhuga ungs fólks sem er atvinnulaust á þeim virkni- og námsmöguleikum sem standa til boða. Var höfuðborgarsvæðið sérstaklega nefnt í því skyni.

1.5.1 Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur verið með átak í gangi undanfarin ár sem miðar að því að virkja fólk sem nýtur fjárhagsaðstoðar. Virkni getur verið allt frá því að vakna á morgnana yfir í að stunda nám eða vinnu (Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir, 2012). Aukinni virkni bótaþega er ætlað að stytta þann tíma sem þeir þurfa á fjárhagsaðstoð að halda. Bótaþegar sem ílendast á bótum eiga það til að festast í lífsmynstri sem erfitt er að losna úr. Einkum er hætta á að ungt fólk verði háð fjárhagsaðstoð, sem dragi úr líkum á að það

geti séð sér farborða sjálf. (Félags- og tryggingamálaráðuneyti. 2009; Gunnlaugur Júlíusson, 2014; Ilse og Carle, 1998).

Æskilegt þykir að einstaklingar sem þiggja fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg geri samkomulag um áætlun og markvissa stuðningsvinnu, sem liggur til grundvallar aðstoðinni (Reykjavíkurborg, 2014). Áætlanir eða samningar sem eru gerðir um félagslega aðstoð greina ávallt frá því hvað bótaþegi ætli að gera og hvernig hægt sé að styðja við hann til að ná markmiðum sínum. Markmið miðast ætíð við að bótaþegi geti framfleytt sér sjálfur í framtíðinni og styrkt stöðu sína í þeim tilgangi að sjá sjálfum sér farborða einn og óstuddur (Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir, 2012).

Samkvæmt 3. gr. verklagsreglna um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar (2014) kemur fram að hægt sé að lækka fjárhagsaðstoð hjá umsækjendum/einstaklingum sem taka þátt í átaksverkefni/námi/starfsþjálfun ef þeir hætta þátttöku eða hafna boði um þátttöku í slíkum verkefnum. Ef tekin er ákvörðun um að lækka fjárhagsaðstoð til bótaþega skal henni fylgja rökstutt og faglegt mat sem tekið hefur verið fyrir á fagfundi. Fagfundur er haldinn vikulega á öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar og sitja fundinn meðal annars deildarstjórar, náms- og starfsráðgjafar, svo og virkniráðgjafar (Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir, 2012).

Í Svíþjóð hefur reynslan sýnt að sé fjárhagsaðstoð sveitarfélaga úthlutað án skilyrða geti það aukið líkur á að ungt fólk verði háð styrkjum til frambúðar. Þá er einnig sérstaklega tekið fram í reglum um fjárhagsaðstoð í Noregi að ungt fólk verði virkjað eins fljótt og auðið er, og skilyrði sem fylgja fjárhagsaðstoð lúta að því að gera einstaklinginn ábyrgari gagnvart eigin lífi, svo og að styrkja sjálfsmynd hans (Gunnlaugur Júlíusson, 2014).

Á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar er það yfirleitt hlutverk félagsráðgjafa að gera samning við bótaþega sem meðal annars felur í sér skilyrði sem bótaþegar þurfa að uppfylla sem hluta af þátttöku í virkniúrræði. Bótaþegar sem eru tilbúnir til þátttöku í einhvers konar virkni fara yfirleitt í viðtal til félagsráðgjafa sem setur saman virkniáætlun og skoðar úrræði við hæfi í samstarfi við bótaþega. Einnig býðst umsækjendum að gera áætlun um virkni með náms- og starfsráðgjöfum og eru einstaklingar yngri en 25 ára í forgangi hvað varðar þjónustu þeirra, enda starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa hjá þjónustumiðstöðvunum lágt og færri komast að en vilja. Yfirleitt vísa félagsráðgjafar

bótaþegum sem hafa áhuga á námi til náms- og starfsráðgjafa. (Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir, 2012).

1.5.1.1 Náms- og starfsráðgjöf Reykjavíkurborgar

Í skýrslu frá menntamálaráðuneytinu (1998), *Efling náms- og starfsráðgjafar*, var lögð áhersla á að ungt fólk á krossgötum ætti möguleika á náms- og starfsráðgjöf frá utanaðkomandi, hlutlausum aðilum. Í stefnumótun stjórnvalda um minnkun brottfalls fyrir árið 2020 er tekið fram að þörf sé fyrir öflugri náms- og starfsráðgjöf, bæði á efri stigum grunnskólans og í framhaldsskólum (Forsætisráðuneyti, 2011). Náms- og starfsráðgjöf er ætlað að gera einstaklinga meðvitaðri um viðhorf þeirra, áhuga og hæfileika, til þess að þeir fái notið sín í námi og/eða starfi. Sjálfsþekking eflir færni einstaklinga til að takast á við kröfur og álag samfélagsins og bætir líkur á að þeir finni sér náms- og/eða starfsumhverfi við hæfi. (Menntamálaráðuneyti, 1998). Rannsóknir hafa sýnt fram á að náms- og starfsráðgjöf auðveldi nemendum að taka ákvarðanir um framtíðina með tilliti náms- og/eða starfsferlis og að skipuleg hugsun ungmenna um nám og störf dragi úr brotthvarfi frá námi (Guðbjörg Vilhjálmisdóttir, 2000; Vilhjálmisdóttir, 2010).

Reykjavíkurborg býður öllum Reykvíkum 16 ára og eldri upp á ókeypis náms- og starfsráðgjöf hjá þjónustumiðstöðvum borgarinnar. Ráðgjöfin getur falist í eftirfarandi, allt eftir þörfum hvers og eins:

- að meta styrkleika fólks og leggja fyrir áhugasviðspróf,
- að ráðleggja um námsleiðir innan og utan Námsflokka,
- að finna leiðir vegna sértækra námsörðugleika, svo sem lestrarörðugleika,
- að finna leiðir til að fjármagna nám,
- að ráðleggja um námstækni,
- að kenna markmiðssetningu,
- að fylgjast með námsframvindu og hvetja til dáða,
- að aðstoða við gerð ferilskrár og starfsval.

(Reykjavík, e.d.)

Félagsráðgjafi sendir einstaklinga til náms- og starfsráðgjafa sem aðstoðar þá við að átta sig á hvaða nám hentar viðkomandi og hversu mikið hann telur sig tilbúinn að takast á herðar. Skjólstæðingarnir eru jafnframt aðstoðaðir við að afla sér frekari upplýsinga um hvað sé í boði, til dæmis með raunmati eða stöðuprófi. Einnig fara skjólstæðingar ýmist á símenntunarstöðvar, í framhaldsskóla eða Námsflokka Reykjavíkur (Ingveldur Halla Kristjánsdóttir, munnleg heimild, 10. janúar 2015).

Náms- og starfsráðgjafi á Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts starfar mjög náið með félagsráðgjöfum og þurfa allir sem þiggja námsstyrki að hitta bæði félagsráðgjafa og náms- og starfsráðgjafa á Þjónustumiðstöðinni (Ingveldur Halla Kristjánsdóttir, munnleg heimild, 10. janúar 2015).

1.5.2 Námsstyrkur

Samkvæmt 18. grein í reglum um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar geta allir á aldrinum 18-24 ára sótt um námsstyrk hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar, svo framarlega sem þeir uppfylla einhver eftirtalinn fjögurra skilyrða: 1- Hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða. Þeir sem falla undir þennan flokk þurfa ekki að vera bótaþegar. 2- vera einstæðir foreldrar og hafa haft tekjur sem eru lægri en grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar síðustu 12 mánuði. 3- Að hafa ekki lokið framhaldsskóla og eiga eftir í mesta lagi tvær annir. 4- Að vera atvinnulausir og hafa þegið fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu Reykjavíkurborgar í minnst sex mánuði (Reykjavíkurborg, 2014).

Námsstyrkur er ekki einungis fjárhagsstyrkur því samkvæmt 2. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga kemur fram að hlutverk félagsþjónustunnar sé að efla einstaklinga/bótaþega sem sækja þjónustu sveitarfélaga til ábyrgðar á sjálfum sér og styðja viðkomandi eftir þörfum. Æskilegt þykir að einstaklingar sem þiggja fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg geri samkomulag um áætlun og markvissa stuðningsvinnu, sem liggur til grundvallar aðstoðinni (Reykjavíkurborg, 2014). Áætlanir eða samningar sem gerðir eru um félagslega aðstoð fjalla ávallt um hvað bótaþegi hyggist gera og hvernig hægt sé að styðja hann við að ná fram markmiðum sínum. Markmið miðast ætíð við að bótaþegi geti séð um sig sjálfur í framtíðinni og styrkt stöðu sína til að sjá sjálfum sér farboða (Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir, 2012).

Sá sem nýtir sér námsstyrkinn gerir samkomulag í samráði við ráðgjafa á vegum þjónustumiðstöðvar, sem felur í sér samkomulag um námsframvindu, skil á skólasókn og einkunnum í lok annar. Á þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts er gerð krafa um 90% mætingarskyldu. Annars geta styrkþegar átt á hættu að fjárhagsaðstoð skerðist um helming og er ætíð miðað við tvo mánuði í senn (Ingveldur Halla Kristjánsdóttir, munnleg heimild, 10. janúar 2015). Eins og áður hefur komið fram er hægt að lækka fjárhagsaðstoð hjá þeim sem ekki fara eftir skilyrðum sem Reykjavíkurborg setur varðandi þátttöku í úrræðum og aðstoð, svo sem námsstyrk, en að öðrum kosti eiga þeir á hættu að missa styrkinn (Reykjavíkurborg, 2014).

„Ekki er hægt að neita því að það getur valdið fólki kvíða að þurfa að standast svona miklar kröfur varðandi mætingar og það eru ekki allir sem ráða við það. Mikið af okkar fólki glímir við þunglyndi og kvíða, jafnvel félagsfælni og á fullt í fangi með að mæta í skólann“ (Ingveldur Halla Kristjánsdóttir, munnleg heimild, 10. janúar 2015).

Þrátt fyrir að 18. grein fjalli um að „gera eigi samkomulag um félagslega ráðgjöf við alla sem fá samþykktan námsstyrk“, kemur fram í úttekt á fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar (2012) að einungis 56% styrkþega höfðu skrifað undir samning. Ástæðan liggur einkum í skorti á tíma af hálfu félagsráðgjafa/virkniráðgjafa. Þá er einnig mismunandi eftir þeim sem þiggja námsstyrk hvort samkomulag er gert munnlega eða skriflega. (Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir, 2012).

Sigurjón Árnason (2012) hefur rannsakað árangur þeirra sem notið hafa námsstyrks. Í niðurstöðum þeirrar rannsóknar kom í ljós að félags- og fjárhagsleg staða mikils meirihluti þátttakenda hafði batnað eftir að námsstyrkstímabilinu lauk. Alls 45% þátttakenda voru virkir á vinnumarkaði og 41% hafði farið í framhaldsnám eða samtals en yfir 80% þeirra sem tóku þátt í rannsókninni voru annaðhvort á vinnumarkaði eða í námi og einungis 1% þátttakenda naut fjárhagsaðstoðar á nýjan leik.

1.6 Rannsóknarspurningar

Brottfallsnemendur sem sækja sér námsstyrk þurfa að uppfylla kröfur um félagslegan vanda sem veldur því að viðkomandi getur ekki stundað framhaldsskólanám án aðstoðar frá sveitarfélagi. Mikilvægt er að öðlast innsýn inn í reynslu þessara einstaklinga til að meta hvernig hægt sé að styðja þá til að ljúka námi/haldast í námi, þannig að þeir þurfi ekki lengur á aðstoð frá sveitarfélögum að halda heldur geti bjargað sér sjálfir í

framtíðinni, hvort heldur í námi eða vinnumarkaði. Rannsakandi notar eigindlega rannsóknaraðferð í því skyni að skoða þetta, enda er það góð aðferð til að öðlast innsýn í reynsluheim einstaklinga á námsstyrk og þá áskorun sem þeir standa frammi fyrir, sem kemur í veg fyrir að viðkomandi nái að uppfylla ofangreint. Eins og áður hefur komið eru margar ástæður fyrir brottfalli nemenda úr framhaldsskóla og því mikilvægt að skoða einstaka tilvik, því mikill einstaklingsmunur er á því á hvaða bakgrunn þeir hafa og hvaða aðstoð viðkomandi þarf á að halda. Rannsóknarspurningar sem leitað var svara við eru eftirfarandi:

- Hver er fyrri reynsla og upplifun einstaklinganna á skólakerfinu?
- Hvað varð til þess að þeir hættu námi og hvað varð til þess að þeir hófu aftur nám?
- Hvaða reynslu af þjónustu frá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar hafa viðmælendur sem stuðlar að því að þeir ljúki námi og verði færir um að taka ábyrgð á eigin náms- og starfsframvindu að námi loknu?

2 Aðferð

Í rannsókninni var notast við eigindlegar rannsóknaraðferðir. Í meginatriðum er félagsvísindum ætlað að rannsaka og lýsa hvernig manneskja skapar sinn eigin veruleika. Eigindlegum rannsóknum er ætlað að öðlast betri skilning á hvernig fólk upplifir aðstæður og skoða huglæga reynslu þess (Esterberg, 2002). Eigindleg rannsókn getur verið flókin aðferðafræði vegna þess að í henni felst mikil túlkun gagna og rannsakandi þarf að læra að flakka fram og til baka á milli kenninga og sannana (e. evidence). Eigindleg aðferðafræði í rannsóknum er listin að túlka (Esterberg, 2002).

Í rannsókninni var notast við fyrirbærafræði (e. phenomenology), sem er aðferð innan eigindlegra rannsókna sem lýsir merkingu nokkurra aðila á lifaðri reynslu þeirra af hugtaki (e. concept) eða fyrirbæri (e. phenomenon). Í fyrirbæralegum rannsóknum er reynt að lýsa hvað þátttakendur eiga sameiginlegt þegar þeir upplifa fyrirbærið. Tilgangurinn er að reyna að skilja reynslu viðmælenda af fyrirbærinu og komast að raun um hvaða sameiginlega undirstöðuatriði kemur fram í frásögn hjá viðmælendum af upplifun þeirra á fyrirbærinu (Creswell, 2007).

Viðfangsefni þessarar rannsóknar er ungt fólk í framhaldsskóla sem hefur á einhverjum tímamarki tekið ákvörðun um að hætta í námi á því skólastigi en hefur svo hafið nám á nýjan leik. Rannsóknaraðferðin hentar vel vegna þess að markmiðið er að reyna að öðlast betri skilning á sameiginlegri reynslu þátttakenda um þá ákvörðun að hætta í námi á framhaldsskólastigi og að hefja nám að nýju. Einnig er leitast við að skilja hvaða stuðningur þátttakendur álíta að gagnist þeim til að haldast í námi og verða sjálfbjarga þegar þeir hætta á námsstyrk.

Í þessari rannsókn var gögnum safnað með því að taka viðtöl við þátttakendur. Spurningarnar voru opnar spurningar, sem gaf viðmælendum tækifæri til að tjá sig um málefni rannsóknarinnar með eigin orðavali. Viðtölin voru hálfstöðluð viðtöl (e. semistructured interviews). Hálfstöðluð viðtöl eru þannig uppbyggð að rannsakandi ákveður hvaða spurningar eiga að leiða samtalið áfram í von um að tiltekna upplýsingar um efni rannsóknar komi fram. Rannsakandi þarf þó að gæta þess að nota ekki of

leiðandi spurningar þannig að það hefti möguleika viðmælanda á að koma á framfæri persónulegri reynslu sinni og upplifun (Esterberg, 2002).

2.1 Þátttakendur

Í rannsókn minni voru tekin viðtöl við átta einstaklinga, fjórar konur og fjóra karlmenn. Notað var markvisst úrtak (e. purposeful sample). Skilyrði fyrir þátttöku var að viðkomandi væri á aldrinum 18-24 ára, hefði þegið námsstyrk frá þjónustumiðstöð á vegum Reykjavíkurborgar í minnst sex mánuði á undanförunum 12 mánuðum. Með markvissu úrtaki er átt við að þátttakendur hafi reynslu og/eða þekkingu á viðfangsefni rannsóknarinnar (Esterberg, 2002). Rannsakandi ákvað að líta eingöngu til einstaklinga sem þáðu námsstyrk frá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar, því líkt og áður hefur komið fram ríktu áhyggjur innan Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar vegna ungs fólks sem flosnað hafði upp úr námi og hvatt var til frekari aðgerða til að koma til móts við þetta unga fólk (Ómar Valdimarsson, 2014).

Nöfnum viðmælanda var breytt til að gæta nafnleyndar. Auk þess var öðrum atriðum breytt, sem rannsakandi taldi að gætu verið rekjanleg.

Einar er tvítugur. Hann er einhleypur en á von a sínu fyrsta barni. Hann staldraði stutt við í framhaldsskóla að loknum grunnskóla og valdi frekar að fara út á vinnumarkaðinn, þar sem hann vann aðallega við iðnaðarstörf. Einari hefur gengið ágætlega í framhaldsskóla eftir að hann varð edrú (óvirkur fíkill) og byrjaði að þiggja námsstyrk. Hann er núna á fjórðu önn á námsstyrk og er um það bil hálfnaður með stúdentsbraut í framhaldsskóla. Á þessari önn hefur honum samt gengið verr en áður en er ákveðinn í að taka sig á og ljúka náminu.

Sigurður er tuttugu og tveggja ára. Áður en Sigurður fór á námsstyrk hafði hann lokið einu ári á félagsfræðibraut og einu til tveimur árum í iðnnámi Hann er á þriðja ári í framhaldsskóla og stefnir að því ljúka stúdentsprófi. Þetta er þriðja önnin hans á námsstyrk og gengur honum ágætlega í námi. Sigurður hefur átt við vímuefnavanda að stríða en er edrú nú. Hann er einhleypur og barnlaus.

Karl er tuttugu og fjögurra ára. Hann er einhleypur og á eitt barn. Hann er á þriðju önn á námsstyrk en er í hléi frá í námi á þessari önn. Hann heldur námsstyrknum því hann ætlar að halda áfram í námi á næstu önn. Karl átti við vímuefnavanda að stríða en er búinn að vera edrú í um það bil tvö ár. Karl hefur starfað sem iðnaðarmaður í fjögur

ár en hefur ekki lokið neinu bóklegu námi í viðkomandi starfsgrein. Hann stundar nú nám á stúdentsbraut.

Guðrún er tuttugu og þriggja ára. Hún á eitt barn og er í sambúð. Guðrún er nýlega búin að ljúka stúdentsprófi, en hún þáði námsstyrk í fjögur ár, eða þar til hún lauk námi. Guðrún þiggur ekki lengur fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg og starfar í dag við umönnun. Guðrún fór í nokkra framhaldsskóla og rétt náði fögum eða féll þar til hún varð ófrísk og hætti í námi. Skömmu eftir að hún eignaðist barnið fór hún aftur í nám á námsstyrk og lauk stúdentsprófi.

Halldór er tuttugu og tveggja ára. Hann er einhleypur og barnlaus. Halldór hefur átt við geðræna erfiðleika að stríða, auk fíkniefnavanda. Hann hefur verið á námsstyrk í þrjár annir og hefur námið gengið misvel. Halldór hefur bætt við einingum eftir hverja önn og er nú í fullu námi á stúdentsbraut og farnast vel.

Fjóla er tuttugu og fimm ára. Hún er einhleyp og barnlaus. Fjóla staldraði stutt við í framhaldsskóla að grunnskóla loknum og var búin að vera á vinnumarkaðnum í fjögur ár þegar hún hóf nám aftur á námsstyrk. Hún er búin að vera á námsstyrk í þrjár annir og stundar nám á stúdentsbraut. Fjóla er með sértæka námsörðugleika sem hamla henni í námi.

Pála er tuttugu og fjögurra ára. Hún er barnshafandi og í sambúð. Hún hætti námi eftir þrjár annir í framhaldsskóla vegna fíkniefnavanda og var frá námi í fjögur ár, eða þar til hún hóf nám að nýju á námsstyrk. Pála er búin að vera á námsstyrk í þrjár annir og er á stúdentsbraut. Henni hefur gengið ágætlega í náminu en geðræn vandamál hafa þó haft áhrif á námsgengi hennar. Pála er í hlutastarfi með skóla. Hún starfar við umönnun, sem henni finnst mjög gefandi starf.

Hanna er tuttugu og tveggja ára. Hún er einhleyp og barnlaus. Þetta er þriðja önnin hennar á námsstyrk. Námsferill hennar hefur verið nokkuð samfelldur og hefur hún aðeins verið frá námi í eina önn síðan hún var átján ára, en hún stundar nám á stúdentsbraut. Hanna hefur átt við veikindi að etja sem hafa orðið til þess að hún hefur nokkrum sinnum þurft að hætta námi á miðri önn. Hanna vann mikið með skólanum áður en hún fór á námsstyrk.

2.2 Framkvæmd

Rannsakandi byrjaði að vinna að rannsókninni sumarið 2014. Eftir að leyfi fyrir rannsókninni fékkst frá deildarstjóra *gæða og rannsókna* hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar var rannsóknin tilkynnt til Persónuverndar. Í framhaldi af því var sendur tölvupóstur til allra náms- og starfsráðgjafa sem starfa fyrir þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar, sem eru sex talsins. Pósturinn innihélt kynningarbréf varðandi rannsóknina fyrir þjónustumiðstöð, kynningarbréf til hugsanlegra þátttakenda og fyrrgreint leyfisbréf frá velferðarsviði. Þrír náms- og starfsráðgjafar frá þremur þjónustumiðstöðvum af sex svöruðu rannsakanda.

Félagsráðgjafi, eða náms- og starfsráðgjafi, innan hvernar þjónustumiðstöðvar var beðinn um að benda á sex til átta einstaklinga af báðum kynjum sem væru á námsstyrk hjá viðkomandi þjónustumiðstöð. Skilyrði var að skjólstæðingurinn hefði áhuga á þátttöku í rannsókninni. Í framhaldi áttu ráðgjafarnir að senda kynningarbréf þar sem rannsóknin var kynnt fyrir mögulegum þátttakendum. Rannsakandi fékk síðan lista með nöfnum og símanúmerum samtals 21 einstaklinga, 13 karla og 8 kvenna. Rannsakandi valdi af handahófi fjórar konur og fjóra karlmenn og hafði samband við viðkomandi og fékk staðfest hvort hann hefði lesið kynningarbréfið og vildi taka þátt í rannsókninni.

Gögnum var safnað með viðtölum sem fóru fram á tímabilinu frá september 2014 til mars 2015. Tekin voru alls átta viðtöl. Viðtölin spönnuðu allt frá 35 mínútum upp í eina klukkustund. Rannsakandi fór heim til tveggja þátttakenda og ræddi við þá á þeirra heimavelli, eitt viðtal fór fram í Háskóla Íslands og fimm viðtöl áttu sér stað í framhaldsskólum, þar sem viðkomandi stunduðu nám. Þátttakendur lásu yfir trúnaðaryfirlýsingu þar sem þeim var heitið nafnleynd og fullum trúnaði. Einnig kom skýrt fram að viðmælendur gætu hætt þátttöku hvenær sem þeir vildu í viðtalinu.

2.3 Úrvinnsla

Öll viðtöl voru tekin upp á síma með upptökutæki og síðan afrituð orðrétt á tölvu. Að því loknu var öllum gögnum eytt. Eins og fram hefur komið var nöfnum allra þátttakenda breytt svo ekki væri unnt að rekja gögnin til viðkomandi. Gögnin voru fyrst og fremst skoðuð með það í huga hvort finna mætti sameiginleg þemu í frásögn viðmælenda. Við gagnagreiningu var stuðst við nálgun grundaðrar kenningar (grounded theory). Nálgunin byggir á skipulögðum og kerfisbundnum aðferðum við gagnagreiningu. Með hliðsjón af

Þessi aðferð var stöðugt verið að greina gögnin meðan á gagnasöfnun stóð og að henni lokinni (Charmaz, 2006; Creswell, 2007). Þegar rannsakandi greinir viðtölin jafnóðum er talað um að hann styðjist við sífelldan samanburð (e. constant comparative method). Með þeirri aðferð fékk rannsakandi jafnframt hugmyndir að viðtalsspurningum sem reynst gætu gagnlegar fyrir komandi viðtöl (Charmaz, 2006).

Samhliða og í lok afritunar viðtala skráði rannsakandi eigin hugleiðingar og tók saman aðalatriði sem fram komu í hverju viðtali fyrir sig og velti fyrir sér hvaða spurningum mætti breyta og hvaða spurningum unnt væri að bæta við. Að öllum viðtölunum loknum voru gögnin greind út frá hugmyndafræði Kathy Charmaz (2006). Samkvæmt hugmyndafræði Charmaz skiptist gagnagreining með aðferðum grundaðrar kenningar í tvo þætti. Í fyrsta lagi opna kóðun, en þá eru gögnin lesin vandlega yfir og borin kennsl á mismunandi þemu, hugtök eða kóðunarflokka. Í öðru lagi markvissa kóðun, sem dýpkar skilning á þemum sem byrjuð voru að myndast við vandlegan yfirlestur. Í markvissri kóðun eru viðtölin yfirfarin með þau þemu í huga sem fundust í opnu kóðuninni. Þannig er hægt að staðfesta hvaða þemu eiga sér stoð í gögnunum, auk þess sem yfirþemu og undirþemu eru skilgreind (Charmaz 2006). Með því að styðjast við aðferðir grundaðrar kenningar mynduðust þemu í gögnum sem urðu sífelld skýrari eftir því sem leið á greiningarferlið. Öll viðtöl voru marglesin til að tryggja sem bestan skilning á reynslu þátttakenda í þeim tilgangi að niðurstöður yrðu sem áreiðanlegastar (Creswell, 2007).

3 Niðurstöður

Markmið þessarar rannsóknar var að öðlast innsýn í hvernig einstaklingum sem flosnað hafa úr námi á framhaldsskólastigi gengur að feta sig á nýjan leik í námi eftir að hafa byrjað að þiggja námsstyrk á vegum þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar. Áhersla var lögð á að skoða reynslu þessara einstaklinga af fyrri skólagöngu og hvað varð til þess að þeir hættu í framhaldsskóla, hvaða stuðning þeir töldu að hefði getað hjálpað þeim til að ljúka námi og hvaða aðstoð þeir telji sig þurfa til að geta orðið sjálfbjarga með vinnu og/eða frekara nám að námsstyrkstímabilinu loknu.

Í viðtölunum komu í ljós ákveðin meginþemu og er niðurstöðum skipt í fjóra kafla með þau að leiðarljósi. Í fyrsta kafla er fjallað um meginþemað *Mótþrói í grunnskóla*, þar sem áhersla er lögð á reynslu viðmælenda af grunnskólanum, sem í mörgum tilvikum litaðist af slöku námsgengi, áföllum, einelti og þrýstingi. Þessi reynsla varð til þess að viðmælendur fóru að sýna mótþróa og andfélagslega hegðun. Í öðrum kafla er fjallað um *Hindranir í námi* sem viðmælendur glímdu við, svo sem vímuefnanotkun og geðrænar raskanir. Í þriðja kafla er fjallað um *Gildi menntunar*. Hér var sjónum beint að því hvað mögulega varð til þess að viðmælendur ákváðu að fara aftur í nám og hvaða þátt menntun spilaði í að gera þá reiðubúnari til að verða sjálfbjarga í frekara námi og/eða vinnu að námsstyrkstímabilinu loknu. Fjórði kaflinn fjallaði um *Persónulegt ráðgjafarsamband sem byggir á einstaklingsmiðaðri aðstoð*. Í þeim kafla var litið til þess hvaða þættir væru að skila sér í áhrifaríkri aðstoð og samskiptum viðmælenda við þjónustumiðstöð með áherslu á það þegar illa gengur, þegar vel gengur og þegar um er að ræða greiða samskiptaleið.

3.1 Mótþrói í grunnskóla

„Maður var að gera nákvæmlega það sem maður átti ekki að vera að gera til að ögra og svona.“

Viðmælendur áttu það sameiginlegt að þegar þeir voru í unglingadeild grunnskóla kom tímabil þar sem þeir sýndu mótþróa gagnvart foreldrum, skóla og/eða þeim fagaðilum sem komu að náms- og hegðunarvanda viðkomandi. Þetta var upphafið að því að vera „á móti kerfinu“ hjá mörgum viðmælendum. Viðmælendur gáfu ýmsar skýringar á mótþróanum, en margir nefndu áföll og einelti sem þeir töldu að ekki hefði verið tekið á

sem skyldi. Einnig fundu sumir viðmælendur fyrir miklum þrýstingi um að standa sig vel í námi. Slíkur þrýstingur hafði þveröfug áhrif á viðmælendur.

3.1.1 Áfall

Konurnar fjórar áttu það sameiginlegt að hafa upplifað áfall sem tengdist fjölskyldu/heimili og átti sinn þátt í því að þær fóru að sýna mótþróa á unglingsaldri gagnvart foreldrum, skólanum og kerfinu í heild. Pála og Hanna áttu það sammerkt að hafa orðið fyrir áfalli þegar þær voru mjög ungar, sem þær áttuðu sig ekki til hlítar á hvaða áhrif hafði haft á líf þeirra fyrr en þær komust á unglingsaldur. Guðrún og Fjóla urðu fyrir áfalli á unglingsárum. Guðrún þegar foreldrar hennar skildu og hún var í níunda bekk og Fjóla þegar hún var send í sveit, þá í áttunda bekk.

Pála sagði að í áttunda bekk hafi sér farið að ganga illa í námi, „farið í ruglið“ eins og hún orðaði það. Hún byrjaði að drekka landa og skrópa í tímum. Þegar Pála var spurð hvers vegna þetta hafi farið á þennan veg svaraði hún: „Þetta var aðallega mótþrói, sko, gegn skólanum og öllum, mömmu og svona og byrjaði bara aðallega þannig.“ Pála taldi að upphaf mótþróans mætti rekja til heimilisofbeldis sem hún varð vitni að frá því að hún fyrst man eftir sér þar til móðir hennar skildi við sambýlismann sinn þegar Pála var tíu ára gömul. Hún sagðist ekki hafa áttað sig á að þetta væri eitthvað sem ekki teldist „eðlilegt“ fyrr en hún komst á unglingsaldur.

Faðir Hönnu dó skyndilega þegar hún var mjög ung en hún sagði að áfallið hefði ekki haft neikvæð áhrif á skólagöngu hennar fyrr en hún komst á unglingsaldur. Hún hafði því svipaða sögu að segja og Pála að því leyti að afleiðingar áfallsins sem hún varð fyrir í æsku komu fram löngu síðar. Hegðunarvandi hennar, sem hún tengdi við fráfall föðurins, hafi orðið það alvarlegur í níunda bekk að hún var send á meðferðarheimili fyrir unglunga. Hanna lagði áherslu á að innlögnin hafi verið vegna hegðunarerfiðleika ekki vegna vímuefnamisnotkunar. Að meðferð lokinni fór hún í tíunda bekk og taldi að vegna mótþróans hafi hún verið sett í hægferð í skólanum. Það hafi síðan orðið til þess að hún kom illa undirbúin undir nám í framhaldsskóla.

Fjóla sagði einnig að sér hafi gengið illa að aðlagast gamla skólanum á nýjan leik eftir að hún kom aftur í 9 bekk að lokinni ársdöl í sveitinni. Hún sagðist hvorki hafa nennt að stunda námið né heldur að mæta í skólann. Fjóla hunsaði fyrirmæli kennara og

skólayfirvalda um bættu hegðun og námástundun og fullyrti að það hefði hvort eð er ekki verið hægt að hóta sér neinu:

Það var eiginlega ekkert hægt að hóta mér með neinu. Því hvað ætlarðu að gera við krakka sem er á fósturheimili? Það var ekkert hægt að refsa mér almennilega. Þannig að ég bara gerði ekki neitt. Missti áhuga, vildi bara fara að vinna.

Fjóla ólst upp hjá einstæðri móður og dvaldi oft á fósturheimilum vegna erfiðleika heima fyrir. Þegar hún var send í sveit í áttunda bekk kvað hún það hafa það verið lengsta tímabilið sem hún var dvaldi fjarri heimilinu í einu og hún hafi ekki fengið neina viðvörun. Henni fannst þetta mjög ósanngjarnt, þar sem hún hlakkaði til að fara á böll og fermast með skólafélögnum. „Ég var ekki ánægð með það. Varð reiður unglingur eftir það“. Móðir hennar hafði sagt henni að þetta yrði aðeins í tvo til þrjá mánuði en dvölin varð heilt ár. Fjóla sagðist lítið hafa heyrt í móður sinni eftir að hún keyrði hana í sveitina: „Eiginlega hringdi hún bara nokkrum sinnum“.

Fram kom í viðtölunum að konurnar töldu skort á viðeigandi stuðningi og skilningi á afleiðingum þeirra áfalla sem þær urðu fyrir hafa komið í veg fyrir að þær næðu að vinna úr tilfinningalegum afleiðingunum sem fylgdu í kjölfarið. Í flestum tilvikum sögðu þær að aðstoðin sem þeim bauðst, eða skortur á aðstoð frá skóla- og félagsmálayfirvöldum, hafi aðeins orðið til þess að þær fóru að sýna skólanum, foreldrum og kerfinu aukinn mótþróa. Eftir að hafa verið vistuð á fósturheimili sagðist Fjóla hafa orðið reiður unglingur. Hanna kenndi ákvörðun skólans um að staðsetja hana í hægferð í 10. bekk, eftir dvölinu á meðferðarheimili fyrir unglunga, um slakan undirbúning fyrir nám í framhaldsskóla. Pála taldi að skortur á stuðningi við að takast á við tilfinningarnar sem fylgdu því að hafa horft upp á heimilisofbeldið hafi orðið til þess að hún fór í meiri vörn og sýndi enn frekari mótþróa. „Maður var að gera nákvæmlega það sem maður átti ekki að vera að gera til að ögra og svona“. Eina aðstoðin sem hún sagðist hafa fengið frá skólanum var þegar hún byrjaði að skrópa í áttunda bekk og hætti að sinna náminu. Aðstoðin hafi aðallega falist í að segja henni að hún yrði að mæta betur og það hafi verið „hamrað á framtíðinni“. Þegar hún var í mesta „ruglinu“ var starfsmaður frá barnaverndarnefnd í nánú samstarfi við móður hennar og kom hann reglulega við á heimili Pálu. Heimsóknirnar áttu að vera þáttur í að aðstoða Pálu við að bæta skólasókn og hegðun. Aðkoma starfsmanns frá barnaverndarnefnd gerði einungis illt verra, að

hennar sögn. Pála hafi bara öskrað á starfsmanninn og átt það til að koma ekki heim til sín í nokkra daga þegar starfsmaður barnaverndarnefndar var mikið heima hjá henni.

Þegar Fjóla var send í sveitina sagðist hún hafa fengið litla aðstoð frá félagsmálayfirvöldum til að aðlagast breytingum sem því fylgja að skipta svona um umhverfi. Þegar hún kom heim eftir ársdvöl hafi hún verið í reglulegum samskiptum við félagsráðgjafa en þá hafi það verið orðið of seint, því hún var orðin svo áhugalaus um skóla.

Hanna talar um að hún hafi fengið alls konar aðstoð frá ólíkum fagaðilum á vegum skólans og meðferðarheimilisins, sem hafi verið mjög ánægðir með þann árangur sem hún hafi sýnt í meðferðinni. Þegar Hanna kom aftur í gamla grunnskólann sinn í tíunda bekk hafi hún lent upp á kant við skólastjórann sem hún segir að hafi tekið sér illa. Þrátt fyrir að fá staðfestingu sálfræðings og félagsráðgjafa þess efnis að henni gengi betur þá hafi skólastjórinn viljað að hún fengi frekari meðferð og taldi að hún væri enn óhæf til að vera í skólanum. „Skólinn hefði alveg mátt taka betur á þessu, sko. Myndi ekki segja að skólastjórinn væri mjög hæfur til að vera skólastjóri.“

3.1.2 Einelti

Halldór, Sigurður og Einar áttu það sammerkt að hafa orðið fyrir í einelti í grunnskóla, sem stóð yfir í langan tíma. Hjá Halldóri varði það alveg frá fimmta upp í tíunda bekk en hjá Einari og Sigurði var það mestmegnis bundið við unglíngastigið. Allir töluðu þeir um skilningsleysi og skort á stuðningi af hálfu skólans við að takast á við eineltið og afleiðingar þess. Ef þeim var veitt einhver aðstoð frá skólanum hafi það verið vegna slakrar skólasóknar eða í þeim tilgangi að fá þá til að bæta hegðun sína.

Halldór, sem lagður var í einelti í mörg ár, sagðist ekki hafa fengið neinn stuðning. Það hafi aðeins verið horft fram hjá eineltinu. Á endanum byrjaði hann að sýna skólafélögum og kennurum ögrandi hegðun. Halldór segist ekki hafa fengið stuðning frá skólanum til að takast á við eineltið. Einu skiptin sem skólinn hafði afskipti af eineltinu var þegar Halldór fór að lemja frá sér þegar honum var strítt. „Já bara ef maður lamdi frá sér eftir að hafa verið endalaust strítt þá var ég sá sem var að leggja aðra í einelti...og foreldrarnir kennandi manni um...þú veist allt...“

Afleiðingar eineltis brutust út á svipaðan hátt hjá Einari. Hann sagðist stundum hafa lent upp á kant við aðra nemendur, sérstaklega í áttunda bekk þegar eineltið stóð sem

hæst. „Ég var algerlega í klessu þarna í 8. bekk“. Foreldrarnir brugðust við með því að leita til fjölskylduráðgjafa, auk þess sem Einar hitti tvo sálfræðinga á vegum skólayfirvalda. Hann sagði að stuðningurinn hefði aðallega snúist um það á hvern hátt hann gæti breytt hegðun sinni til hins betra, en alls ekki um það að aðstoða hann við að takast á við eineltið. Einar hafði slæma reynslu af öðrum sálfræðingnum sem spurði hann einu sinni hvort „hann væri nokkuð svona heimskur“. Samkvæmt Einari sitja þessi orð í honum enn þann dag í dag. Hann fullyrðir að eineltið og rangar áherslur í stuðningi eða þeirri aðstoð sem honum var veitt í grunnskóla hafi orðið til þess að hann varð fráhverfur námi og fór að sýna skólanum mótþróa. „Þá sko fannst mér enginn tilgangur með því sem ég var að læra, nei bara nákvæmlega enginn. Nei, þá sko var ég mjög svona á móti kerfinu“.

Sigurður varð einnig fyrir einelti þegar hann byrjaði í unglingsdeild grunnskólans. Hann sagðist hafa tekið stríðnina mjög nærri sér og fyrir vikið hafi sér örugglega verið strítt meira en ella. Hann talaði ekki við neinn um eineltið og sagðist ekki hafa gert sér grein fyrir að um einelti væri að ræða fyrr en síðar meir. Í dag telur hann að eineltið hafi m.a. haft þau áhrif að hann varð þungur í skapi á þessum aldri og sýndi skólanum almennt lítinn áhuga og var oft erfiður í umgengni. Fram kom í máli Sigurðar að umsjónarkennari hans hafi oft viljað láta vísa honum úr skóla og hafi sagt að hann hefði ekkert í framhaldsskóla að gera.

3.1.3 Pressa

Karl, Einar, Pála og Guðrún upplifðu öll mikinn þrýsting um að standa sig í námi. Þau töldu öll að þrýstingurinn hefði orðið þess valdandi að þau komust upp á kant við foreldrana og/eða skólakerfið. Mikil áhersla var lögð á að þau yrðu að standa sig vel í námi og fara í framhaldsskóla ef þau vildu eiga farsæla framtíð. Guðrún sagðist til að mynda ekki hafa átt neitt val um hvort hún færi í framhaldsskóla eður ei. Það væri bara krafa frá foreldrum og samfélaginu að fara í framhaldsskóla. Þessi þrýstingur hafi aðeins orðið til þess að hún missti áhuga á náminu og hætti að sinna því af sömu kostgæfni, eftir að komið var á unglingsstig, og hún hafði gert á fyrri stigum grunnskólans:

Já það var svona, var svona pressa frá þjóðfélaginu, grunnskólum og öllu að fara beint í menntaskóla, hvort sem þú ert tilbúin til þess eða ekki og ég meina það var rosa pressa frá föður mínum að standa mig í grunnskóla svo ég gæti farið í menntaskóla og svona. Jú ég var ekkert svona spennt fyrir því

en það var enginn valkostur í rauninni það var bara, þú ert að fara í menntaskóla, hvaða menntaskóla það var það aðallega sem maður var að þæla. Ég veit ekki hvernig hefði farið hefði ég fengið valkostinn, kannski þess vegna að skólaleiðin tók við og ég hætti að nenna að læra.

Guðrún sagðist hafa verið orðin eftir á í námi sökum skólaleiða þegar kom að því að læra fyrir samræmdu prófin í tíunda bekk og þetta hafi gert henni erfitt fyrir. Hún spjaraði sig samt sæmilega í lokaprófum grunnskólans, að eigin sögn, vegna stuðnings í námi sem hún fékk frá vinkonu sinni.

Einar hafði svipaða sögu að segja og Guðrún og nefnir að þrýstingurinn frá föður hans um að standa sig í náminu hafi verið mikill. Einar nefndi að faðir hans hafi gefið honum þau skilaboð að annaðhvort „dúxar maður þetta eða sleppir því“. Faðir hans vitnaði oft til afburðaárangurs síns í grunnskóla, en hann ætlaðist til að Einar stæði sig jafn vel og hann sjálfur hafði gert í námi. Einar sagðist ekki hafa haft mikinn áhuga á náminu og hann hafi ekki náð að standa undir kröfum föður síns. Einar taldi þrýstinginn og kröfurnar um námsárangur af hálfu fjölskyldunnar hafa átt þátt í því að hann lenti uppi á kant við skólakerfið og samskipti hans við foreldrana urðu mjög stíð.

Karl sagðist aldrei hafa haft áhuga á að læra af sjálfsdáðum þegar hann var í grunnskóla. Hann hafi alltaf sinnt náminu af skyldurækni við foreldra sína. Á unglingsaldri upplifði hann „uppreisnarárin sín“, líkt og hann orðaði það, sem birtist í því að hann gerði öfugt við það sem foreldrar hans vildu. Hann hætti að sinna náminu og setti sig upp á móti skólanum.

Já það er náttúrulega bara þannig að ég þarna..(dregur að sér andann). Þetta var meira, eins og ég sagði, gert af skyldurækni gagnvart foreldrum mínum og hérna.. og á þessum árum átti ég mjög stírt samband við foreldra mína kannski eitthvert hormónaflæði í manni eða eitthvað. Þar af leiðandi kom þetta svona meira fram í uppreisn ha...

Pála sagðist hafa verið undir miklum þrýstingi um að einbeita sér að náminu þegar henni leið hvað verst í grunnskóla, bæði af hálfu heimilisins og skólans. Námið væri mikilvægur liður í að henni gæti vegnaði vel í framtíðinni. Pála nefndi að þrýstingurinn hafi komið fram í endalausum nöldri um að taka sig á, sem hafi aðeins orðið til þess að hún fór í frekari vörn og varð enn fráhverfari námi og skóla. Hún valdi sér vinnuhóp sem stóð með henni í að skröpa og nota vímuefni, sem hluta af uppreisn gegn þrýstingnum.

Pála skipti svo loks um vinarhóp þegar hún tók sjálf ákvörðun um að ná samræmdum prófum í tíunda bekk og fór þá að stunda námið af kappi á nýjan leik. Pála sagðist hafa þurft að hafa mikið fyrir því að ná sér á strík í náminu og að stuðningurinn hafi ekki komið frá skólanum heldur nýja vinarhópnum.

Pála tók fram að þrátt fyrir að móðir hennar og kennarar hafi verið ánægð með að henni gekk vel í samræmdu prófunum hafi þau líka verið örlítið ergileg yfir að henni skyldi takast það, þrátt fyrir að hafa ekki farið að ráðleggingum þeirra. Guðrún hafði svipaða sögu að segja og Pála. Guðrún vildi einnig taka sig á í tíunda bekk til að ná samræmdu prófunum og sagðist hafa fengið mikla hjálp til þess frá náinni vinkonu sem var með henni í skóla.

3.2 Hindranir í námi

Ég var komin með svo mikinn kvíða og þunglyndi og svona. Ég var alltaf að detta út úr skólanum og svona, reyndi nokkrar annir en alltaf það sama, var alltaf að falla aftur og aftur þar til ég gafst bara upp.

Allir hafa viðmælendurnir þurft að takast á við hindranir í námi. Hindranir af ýmsum toga hafa valdið því að þeim hefur ekki gengið sem skyldi í námi, sem hefur svo átt þátt í ákvörðun þeirra um að hætta í skóla. Flestir viðmælendanna búa enn við fyrri hindranir í námi, en hluti af því að geta talist sjálfbjarga er að takast á við hindranir og sigrast á þeim í stað þess að lúta í lægra haldi fyrir þeim. Sjö af átta viðmælendum sögðu að helstu hindranir sem þeir hefðu þurft að takast á við tengdust vímuefnamisnotkun og/eða geðrænum röskunum.

3.2.1 Vímuefnamisnotkun

Fram kom hjá flestum viðmælendum að vímuefnamisnotkun hefði haft áhrif á námsferil þeirra, hvort heldur sem alkóhólistar sjálfir og/eða sem aðstandendur alkóhólista. Allir karlkyns viðmælendurnir, Sigurður, Karl, Halldór og Einar, áttu það sameiginlegt að hafa átt við vímuefnavanda að stríða og farið í meðferð á sjúkrahúsinu Vogu. Þeir sóttu AA fundi og lögðu áherslu í frásögn sinni á að héldu þeir sér ekki edrú yrði ekki um neinn námsferil að ræða. Þeir voru allir þeirrar skoðunar að námið væri hluti af því að ná sér aftur á strík og halda sig á beinu brautinni. Sigurður taldi notkun vímuefna ekki hafa verið vandamál nema síðasta árið áður en hann fór í meðferð.

Pála var eini kvenkyns viðmælandinn sem lent hafði í vímuefnavanda, sem svo hafði haft áhrif á skólagönguna. Hún fór þó ekki í meðferð og á ekki við áfengisvanda að stríða í dag. Afleiðingar áfengisneyslunnar áttu þátt í því að skólaganga hennar varð slitrótt síðustu árin í grunnskóla. Pálu hafði gengið vel í námi á yngsta og miðstigi grunnskóla en eftir að hún byrjaði að drekka í áttunda bekk hætti hún að stunda námið og byrjaði að skrópa og umgangast vínahóp sem sýndi sömu hegðun og hún. Pála var samt ákveðin í að gera eitthvað í sínum málum þegar hún var í tíunda bekk og skipti þá um vínahóp og hætti að drekka. Pála sagðist ekki hafa bragðað áfengi aftur fyrr en hún var orðin níttján ára. Að hennar mati hafði reynsla hennar sem aðstandandi alkóhólista miklu meiri áhrif á námsferil hennar en eigin áfengisneysla, vegna þeirra sálrænu vandkvæða sem hún telur að rekja megir til mikillar drykkju á heimilinu, auk heimilisofbeldis sem hún ólst upp við sem barn.

Eins og komið hefur fram var vímuefnamisnotkun viðmælenda misalvarleg. Halldór, Karl og Einar sögðust allir hafa verið djúpt sokknir í vímuefnaneyslu, sem hafi einkennst af dagneyslu ár eftir ár. Karl var í dagneyslu í sex ár og sagðist hafa verið kominn með hálfbrenglaðar hugmyndir um hvað skipti máli og hvað ekki og að öll hans orka hafi farið í að finna leiðir til að fjármagna neysluna. Vímuefnaneyslan hafi byrjað með fíkti í lok grunnskóla og á fyrsta ári í framhaldsskóla, þar sem vinirnir og skemmtanalífið hafi átt hug hans allan. Karl taldi að neyslan hefði átt drýgstan þátt í því hve langur tími leið þar til hann sneri aftur í framhaldsskóla eftir að hafa hætt skömmu eftir grunnskóla. Þegar Karl er spurður út í áhrif vímuefnaneyslunnar á námsferil hans svarar hann:

Bara já algerlega held að hún hafi átt stærsta partinn í því.. (dregur djúpt að sér andann) að ég lét námið bíða svona lengi. Það er bara þessi drifkraftur í manni sem fór allur í neysluna og því sem fylgir henni“.

Einar var sömu skoðunar um að öll orkan hafi farið í neyslu og að námið hafi ekki skipt sig nokkru máli. Hann byrjaði að nota fíkniefni í áttunda bekk grunnskóla og jókst neyslan næstu árin. Síðustu árin í neyslu var hann orðinn það stjórnlaus að hann leiddist út í afbrot. Fyrstu árin í framhaldsskóla var skólinn meira „eitthvað til dægrastyttingar“, þar sem hann fór aðallega til að hitta vini sína sem voru jafn afhuga námi og skóla og hann sjálfur. Á þessu tímabili féll Einar oftast á mætingu eða hann tók þá ákvörðun að hætta áður en önnin var á enda. Þrátt fyrir að Einar hafi verið allsgáður í tvö ár hefur vímuefnaneysla annarra haft áhrif á námsferil hans. Eftir að hafa gengið vel í námi fyrstu

tvær annirnar á námsstyrk talar hann um að hafa gert þau mistök að hafa flutt til vinar síns þar sem mikil fíkniefnaneysla og sala áttu sér stað. Einar fór „af rútínunni“, eins og hann orðar það, og fór að dragast aftur úr í námi, líkt og fram kom þegar hann var spurður í viðtalinu hvernig námið gengi:

Bara almennt vel sko ummm.. stundum erfitt að (ræskir sig). Nú er maður náttúrulega fluttur af áfangaheimilinu þar sem ég bjó. Þar fékk ég rosa mikið aðhald sko euumm, svo seinustu önn þá núna nýlega þá gerði ég þau mistök að flytja inn með vini mínum og það var hann og einn annar (ræskir sig). Þar kom ég svo lítið út af rútínunni. Þá var verið að selja fíkniefni og nota og eitthvað, fólk að koma inn og út, inn út og allt í drasli. Þá tók ég eftir því að umgengni, mottóið í umgengni endurspeglar þinn innri mann það er svo satt sko. Því ég fór alveg í keng sko. Við að búa þarna. Ég bara gersamlega skeit upp á bak á mér í náminu.

Þrátt fyrir að Halldór sé aðeins tuttugu og tveggja ára á hann að baki þrjár áfengis- og vímuefnaeðferðir. Hann sagðist hafa verið djúpt sokkinn í neyslu og ástandið hafi verið orðið það slæmt á tímabili að hann varð heimilislaus og svaf á sófum hjá vinum eða þá í neyðarskýlum. Fíkniefnaneyslan hafi haft afgerandi áhrif á hversu illa honum gekk að fóta sig í framhaldsskóla. Halldór fór í Tækniskólann að loknum grunnskóla en segist ekki hafa verið í ástandi til að stunda nám og ef eitthvað þá hafi hann ekki bara verið sjálfum sér verstur heldur skólanum líka.

Í Tækniskólanum var ég gjörsamlega þjakaður af eigin egói og þú veist djúpt sokkinn í eiturlyfjaneyslu og herna. Ég átti bara ekkert að vera í skóla þarna, skilurðu. Ég var bara ekki tækur í það skilurðu. Ég var bara að gera umhverfi mínu erfiðara fyrir að vera í skóla, þú veist, var að selja fíkniefni á milli tíma. Það er rosalegt svona andfélagsleg hegðun og að ég vil meina, já þú kannski skilur hvað ég á við.

3.2.2 Geðrænn vandi

Það var ekki aðeins vímuefnavandi sem viðmælendur áttu sameiginlegan þegar kom að hindrunum sem þeir tókust á við í tengslum við námið. Flestir höfðu einnig átt við geðrænar raskanir að etja sem haft höfðu hamlandi áhrif á skólagöngu þeirra. Fimm af átta viðmælendum höfðu verið greindir með geðræna röskun. Halldór var með greiningu upp á kvíða og þunglyndi, Pála kvíða og þunglyndi og athyglisbrest með ofvirkni (ADHD), Sigurður með ADHD, Hanna með mígreni og Fjóla með athyglisbrest (ADD).

Í síðustu áfengismeðferð Halldórs var honum vísað út af Vogu vegna geðræns vanda sem Vogur gat ekki meðhöndlað. Halldór segist hafa verið í miklu geðrofi þá. Í dag segist Halldór vera miklu skárri og kveðst vera á lyfjum við þunglyndi. Halldór sagði þunglyndið enn hafa mikil áhrif á námsframvindu hans, þrátt fyrir að vera á lyfjum. Suma daga væri hann svo þunglyndur að hann kæmist varla fram úr rúminu svo dögum skipti og hefur það haft áhrif á skólasókn hans.

Pála hafði svipaða sögu að segja og Halldór um áhrif geðrænu erfiðleikanna á skólasókn hennar. Kvíðinn og þunglyndið reyndist henni svo þungbært á köflum að hún treysti sér ekki í skólann og á tímabili þurfti hún að hætta í skólanum. Pála nefndi einnig að kvíðinn gæti orðið svo mikill að hún hefði jafnvel flosnað upp úr námi við það eitt að bregða aðeins út af vananum. Aðspurð um hvað hefði tekið við að loknum grunnskóla sagðist Pála hafa reynt að fara í framhaldsskóla með eftirfarandi árangri:

Ég reyndi að fara í FG en þá var ég komin með svo mikinn kvíða og þunglyndi og svona. Ég var alltaf að detta út úr skólanum og svona, reyndi nokkrar annir en alltaf það sama, var alltaf að falla aftur og aftur þar til ég gafst bara upp.

Eins og áður hefur komið fram deilir Pála því með Sigurði að hafa verið greind með athyglisbrest með ofvirkni (ADHD). Fjóla er með svipaða greiningu, en án ofvirkni þó (ADD). Í máli Pálu og Fjólu kom fram að athyglisbresturinn hefði gert og geri námið enn erfitt á köflum. Á tímabili voru þær báðar á lyfjum við röskuninni en ákváðu að hætta vegna aukaverkana lyfjanna. Fjóla og Pála reyndu að takast á við röskunina sjálfar með því að þróa eigin aðferðir til að takast á við fylgifiska athyglisbrestsins. Pála nefndi sem dæmi að hún væri alltaf með strokleður á borðinu sínu til að minna sig á að fylgjast með í kennslustundum.

Sigurður talaði einna mest um upplifun sína af ADHD í tengslum við grunnskólann og vinnumarkaðinn. Hann sagðist hafa mætt litlum skilningi í grunnskóla og þar hafi einungis verið litið á sig sem óþekktarorm sem þyrfti á betra uppeldi að halda:

Já, eiginlega, en enginn var neitt að þæla í því að ég var með ADHD af því ég var ekki í neinni sérkennslu og stóð mig ágætlega í skólanum. Þá þældi enginn í þessu....bara að ég nennti þessu ekki. Þetta var bara alltaf óþekkt...ekkert spáð í því að maður var kannski með ADHD..

Umsjónarkennari Sigurðar var mjög þreyttur á hegðunarvanda hans og vildi helst láta reka hann úr skólanum. Móðir Sigurðar gafst upp á að vekja hann á morgnana og að halda utan um skriffæri, bækur og annað sem hann þurfti að hafa með sér í skólann.

Þegar Sigurður fékk greiningu, 19 ára gamall, upplifði hann mikinn létti því hann var farinn að halda að það væri eitthvað annað að sér. Sigurður sagði reynslu sína af vinnumarkaði einnig hafa verið frekar neikvæða. Hann hafi oft fengið athugasemdir varðandi mistök sem hann taldi að mætti rekja til athyglisbrestsins.

Eftir að Sigurður fékk ADHD greiningu reyndi hann að vinna með röskunina í námi og vinnu:

Maður hélt bara að maður væri eitthvað mikið ...væri að manni haaa, en svo er þetta bara ADHD. Það var mjög gott að heyra um það á sínum tíma. Núna reyni ég bara að vinna með þessu í náminu eða í vinnunni.

Halldór var eini viðmælandinn sem var með greiningu um sértæka námsörðugleika. Hann sagðist ekki hafa þróað með sér neinar aðferðir til að takast á við hamlandi áhrif reikniblindu (talnablindu) og var ekki kunnugt um neinar aðferðir sem gagnast einstaklingum við að vinna með þá röskun. Reikniblindan háir Halldóri sérstaklega í stærðfræðiáföngum. Halldóri er ofarlega í huga að ná tókum á talnablindunni, þar sem hann langar að stunda framhaldsnám á sviði sem krefst mikillar stærðfræðikunnáttu:

Já ég er sem sagt greindur með reikniblindu, þannig að stærðfræði var alltaf minn veikur hlekkur og er það ennþá. Ég fékk núll komma eitthvað á samræmdu prófunum og ég hef ekki ennþá fengið kraftinn til að taka hundrað áfangann í stærðfræði hérna. Rétt skreið í gegnum núll áfanga í fjölbrautaskólanum á sínum tíma en ég hef reynt og fallið í hundrað áföngum fjórum sinnum áður og fallið....það bara...

Hönnu gekk ágætlega að stunda nám þar til hún veiktist af mígreni á fyrstu önn í framhaldsskóla. Veikindin lituðu framhaldsskólagoöngu Hönnu og leiddu til þess að hún þurfti oft en einu sinni að hætta námi á miðri önn. Veikindin hafa einnig orðið til þess að hún hefur þurft að fá undanþágur frá skólasókn og skilafresti á verkefnum. Hanna er búin með nokkur ár í framhaldsskóla og telur fjárhagstýrkinn gera sér kleift að stunda nám án þess að þurfa að vinna með námi. Þetta dregur úr álagi, sem svo minnkar hamlandi áhrif mígrenisins. Skilningur af hálfu skólans fól það í sér að Hanna fékk frest á verkefnaskilum og undanþágu frá mætingarskyldu, sem varð mikilvægur liður í að hún

hélst í náminu. Að loknum framhaldsskóla stefnir Hanna á að stunda nám í háskóla, en nýtt umhverfi og aukið álag veldur henni áhyggjum. Þegar Hanna var spurð hvað hún sjái fyrir sér að gæti hugsanlega hindrað hana í að ljúka stúdentsprófi svararði hún:

Ekki stúdentsprófið. Ég er búin að þrauka hingað þannig að ég ætla að klára þetta. En kannski erfitt ef ég byrja í háskóla og þetta verður svona erfitt. Kannski meira en að segja það. Kannski allt öðruvísi að verða veik í háskóla en framhaldsskóla. Erfiðara bara.

3.3 Gildi menntunar

Mig þyrstir svona aftur í lífið, einhvern veginn og ég var einhvern veginn búinn að fatta það að það er alveg glatað að gera ekki neitt sko. En... jú ég vil klára skóla því ég vil ganga vel í lífinu, bara fá alla þessa basic hluti.

Ólíkt er hverjum augum einstaklingar líta nám. Allir viðmælendur höfðu skoðun á því hvaða gildi menntun hefði haft á líf þeirra. Gildin endurspegluðu oft ástæðu þess að þeir ákváðu að byrja aftur í námi. Einnig var þetta oftast en ekki hvatinn fyrir því að haldast í námi og haldreipið þegar illa gekk. Allir viðmælendur voru sammála um að menntun auki möguleika þeirra varðandi frekara nám og/eða störf, auk þess sem það að mennta sig sé hluti af því að lifa uppbyggilegu lífi.

3.3.1 Auknir möguleikar á námi og störfum

Allir viðmælendur stefndu á nám á háskólastigi að loknum framhaldsskóla. Guðrún og Halldór voru með best mótuðu hugmyndirnar af viðmælendum átta um það hvaða starfi þau stefndu að, sem krafðist háskólamenntunar. Guðrún sagði að fjölskyldan yrði alltaf í forgangi og að menntun gæfi sér tækifæri til að starfa við eitthvað sem hún teldi vera fjölskylduvænt og gefandi. Halldór hefur stefnt á tiltekið starf innan tæknigeirans, sem krefst háskólamenntunar, frá því hann lauk grunnskóla.

Pála og Fjóla sögðu helstu ástæðu þess að mennta sig vera aukna möguleika á fjölbreyttum og áhugaverðum störfum. Þegar kvíði og þunglyndi höfðu hvað mest áhrif á skólagöngu Pálu á fyrstu tveimur árunum í framhaldsskóla var það hugsunin um að hún myndi enda sem ófaglærður starfskraftur og þar með einungis bjóðast einhæf og lítt spennandi störf sem héldu henni í skólanum, uns kvíði og þunglyndi báru hana ofurliði eftir tveggja ára nám í framhaldsskóla. Fjóla var sammála Pálu um að störf sem ekki krefjast sérstakrar menntunar væru flest einhæf. Því væri nauðsynlegt að mennta sig til þess að eiga meiri möguleika á að finna fjölbreytt og áhugaverð störf. Pála var í

hlutastarfi við umönnun, sem henni líkaði mjög vel, en því miður var starfið ekki þess eðlis að það byði upp á fullt stöðugildi og var hún því að mennta sig til að eiga möguleika á að finna jafnáhugavert starf sem býður upp á fullt stöðugildi. Fjóla hafðir ekki eins góða reynslu af vinnumarkaðnum og sagðist vera þreytt á einhæfum störfum. Hún sagðist ekki hafa fundið sig í neinu starfi hingað til. Aðeins hafi verið um að ræða leið til að afla tekna. Fjóla taldi að hún ætti möguleika á að fá áhugaverðari og fjölbreyttari störf ef hún menntaði sig:

Að ég sé að gera eitthvað sem myndi breytast. Þegar maður er þjónn þá eru allir dagar eins einhvern veginn eða svona svipaðir. Ef ég væri að vinna á rannsóknarstofu eða eitthvað. Ef ég væri að vinna hjá Hafró þá væri ég eina vikuna að safna einhverjum sýnum og aðra vikuna að gera einhverja útreikninga og enn aðra vikuna væri ég á sjó að safna sýnum eða eitthvað. Mig langar að gera eitthvað sem ég gæti gert eitthvað úr. Ef maður væri arkitekt þá væri Hallgrímskirkja eftir mann eða eitthvað en ef maður er þjónn þá fær maður bara blóðtappa og verður að hætta þegar maður er fimmtugur. Mig langar bara ekki að vinna erfiðisvinnu og vinna við eitthvað svona sem ég gæti orðið góð í.

Sigurður og Hanna voru sammála Pálu og Fjólu um að menntun væri eitthvað sem gæti aukið líkur á að þau ættu kost á áhugaverðu starfi. Hanna sagði að allir erfiðleikarnir sem hún hefði upplifað í gegnum tíðina hefðu gert það að verkum að sig langaði að mennta sig til þess að geta starfað við að liðsinna fólki sem væri að takast á við erfiðleika. Sigurður tók í sama streng, en hann nefndi einnig að menntun gagnaðist honum við að skipta um starfsstétt. Hann hafði unnið sem iðnaðarmaður og stundað verknám. Sigurður sagðist hafa meiri áhuga á að vinna með fólk en í höndunum og sagðist verða að mennta sig til þess að gæta skipt algerlega um starfsvettvang.

Einar og Karl voru sammála um að aukin menntun færði þeim fleiri tækifæri í tengslum við náms- og starfsval. Karl taldi að menntun gerði það að verkum að hann væri reiðubúnaði til að takast á við þau störf sem byðust á vinnumarkaðnum. Hann hélt áfram að skýra mál sitt og sagði að menntun ætti að fræða fólk svo það öðlaðist þá hæfni sem til væri ætlast í ákveðnum störfum. Þegar Karl var spurður út í hvaða þýðingu það hefði fyrir hann að mennta sig svaraði hann:

Ég náttúrulega vill trúa því að..það komi til með að þarna...opna ákveðnar dyr fyrir mig og þar af leiðandi í náminu sem slíku ætti ég að vera búinn að vera að fræðast heilmikið um það efni og maður kemur til með að vera

undirbúnar í til að starfa í atvinnugreininni sem slíkri.. ha.. þannig að ég kem mun meira reiðubúinn inn í.. ja vinnuna.

3.3.2 Uppbyggilegt líf

Menntun var mikilvægari í augum viðmælenda en það að landa tilteknu starfi og nefndu þeir allir að menntun væri hluti af því að lifa uppbyggilegu lífi. Guðrún nefndi að búið væri að hamra á því við sig í gegnum tíðina hversu hagkvæmt það sé að mennta sig, því menntun fylgi auknar tekjur. Hún tók undir það en að sagði samt að það væri alls ekki meginástæða þess að hún væri að mennta sig. Þegar Guðrún var spurð að því hvað menntun táknaði fyrir hana svaraði hún:

Mér finnst hún bara mjög mikilvæg. Þá er ég ekki að segja eins og fólk hefur sagt við mig menntun er mikilvæg þá færðu meiri tekjur, það er bara það að maður þroskast við þetta að mennta sig, maður þroskast, allur þroski, félagslegur þroski, vitsmunarþroski bara allt saman, fær mann til að víkka sjónarmiðið sitt. Mjög mikilvægt fyrir þá sem vilja gera það, annars finnst mér að aðrir kannski svona standi í stað, með sitt ef að.. sem sagt leita ekki víðar sko, það er svolítið þannig.

Halldór tók í sama streng og Guðrún varðandi félagslegan þroska sem menntun stuðlar að og nefndi að sú ákvörðun hans að fara aftur í nám og mennta sig hafi aukið félagsfærni hans. Námið reyndi á samskipti hans við samnemendur sem hafi hjálpað honum að ná betri tókum á félagsfærni sinni og fannst honum gott að finna fyrir því að vera hluti af skólasamfélaginu.

Halldór, Einar og Karl deildu þeirri skoðun að menntun væri þáttur af því að aðstoða þá við að komast aftur út í samfélagið. En allir þrír höfðu verið í margra ára fíkniefnaneyslu og orðið utanveltu í samfélaginu. Þeir voru allir sammála um að menntun gagnaðist þeim við að vera edrú, því það er hluti af því að aðlagast samfélaginu eftir að hafa sýnt andfélagslega hegðun, eða eins og Karl komst að orði: „Verið með hálfbrennlaðar hugmyndir“ um hvernig þeir öfluðu sér tekna og áttu í samskiptum við aðra. Allir segjast þeir vera að koma úr hörðum veruleika undirheimanna þar sem allt snýst um að fullnægja fíkninni með einum eða öðrum hætti. Allir höfðu þeir stundað fíkniefnasölu og afbrot og á tímabili var Halldór heimilislaus. Karl lýsti erfiðleikum við að segja skilið við fyrra lífernir og byrja aftur í námi á eftirfarandi hátt:

En þetta var náttúrulega mjög erfitt að stíga þetta skref. Ég var í dagneyslu í sex ár og var til að byrja með saklausari en var í lokin orðin mun harðari

neysla (dregur að sér andann). Svo mikið líka í kringum þetta í þessum heimi. Var bara búinn að tileinka sér mikið sem var svona....Hlutum sem á sér stað í þessum heimi eins og bara afbrot og annað slíkt og félagsskapurinn hérna. Það var alveg skref að stíga út úr því og segja skilið við þetta líferni og félagana í kringum þetta. Byrja í skóla aftur og reyna að lifa svona....nokkuð eðlilegu lífi.

Að stíga út úr heimi fíkniefnaneyslu er ekki auðvelt, eins og lýsing Karls sýnir. Halldór, Karl og Einar eiga það líka sameiginlegt að líta björtum augum til framtíðar og þeir hafa fulla trú á að menntunin eigi eftir að auka lífsgæði þeirra. Þeir segjast eiga tímabil í náminu sem reynist þeim mjög erfitt og þeir séu enn að takast á við margar hindranir. Einar lýsti vel í megindráttum því sem kom fram í máli þremmenninganna þegar þeir lýstu ferlinu frá hörðum heimi fíkniefnaneyslu yfir í viljann sem kviknaði hjá þeim til að verða á ný hluti af samfélaginu. Þeir voru staðráðnir í að halda sér edrú og lifa lífinu til fulls og þar skipar menntun stóran sess. Þegar Einar var spurður hvers vegna hann vildi mennta sig svaraði hann:

Af því ég vildi klára skóla og ég fékk metnaðinn minn aftur. Svona þú veist..mig þyrstir svona aftur í lífið, einhvern veginn og ég var einhvern veginn búinn að fatta það að það er alveg glatað að gera ekki neitt sko. En... jú ég vil klára skóla því mig langar að mér gangi vel í lífinu, bara fá alla þessa „basic“ hluti, konu, börn, kannski kominn með eitt barn núna.

Þrátt fyrir að Pála, Hanna og Sigurður hafi ekki vikið eins langt frá hefðbundnu lífi og Einar og Karl, hafa þau öll lent í því að þurfa að takast á við raskanir sem hafa gert það að verkum að þau hafa ekki getað tekið fullan þátt í námi og/eða starfi, sem hefur svo leitt til þess að þau hafa upplifað sig utanveltu við samfélagið. Öll vilja þau draga úr hamlandi áhrifum þeirra raskana sem þau eiga við að etja og lifa uppbyggilegu lífi. Líkt og hjá öðrum viðmælendum er það að mennta sig stór hluti af því að búa sér í haginn fyrir framtíðina.

Hanna nefnir að móðir hennar hafi ekki fengið tækifæri til að mennta sig sökum þess að hún eignaðist börn mjög ung. Hanna segist vilja læra af mistökum móður sinnar sem hún telur að hefði örugglega átt betra líf hefði hún haft tækifæri til að mennta sig. Pála er á sama máli og segir menntun stuðla að betra lífi. Pála er ekki að velta fyrir sér auknum tekjum eða titlum. Hún er búin að eiga erfitt uppdráttar vegna kvíða og þunglyndis sem varð til þess að hún gat hvorki unnið né stundað nám á tímabili. Hún

leggur áherslu á að menntun sé eitthvað sem á að skila henni starfi sem gerir hana hamingjusama, því það sé það sem mestu máli skiptir.

Það er allavega ekki launin því að það að vera menntaður skilar manni ekkert endilega betri launum en annað. Eins og frístundaklúbburinn sem ég er að vinna núna hann er bara 50% vinna því þau koma öll bara eftir skóla. Ef það hefði verið 100% vinna þá hefði ég ekkert endilega verið svo viss um að ég hafi farið í skóla. Þá hefði ég bara verið sátt þar. Það er aðallega að finna bara einhverja vinnu sem mig langar til að vera í. Mér líður ekki eins og ég sé að fara í vinnuna heldur eitthvað sem mér finnst gaman. Vinnan er eitthvað sem skilar manni bara meiri hamingju, gera eitthvað sem maður hefur áhuga á.

3.4 Persónulegt ráðgjafasamband sem byggir á einstaklingsmiðaðri aðstoð

Eftir að hafa spurt viðmælendur út í þá aðstoð og þau úrræði sem þeim hafi staðið til boða hjá þjónustumiðstöð var rannsakandi litlu nær um upplifun viðmælenda sinna á þjónustunni. Flestir höfðu þeir ekki miklar skoðanir þegar þeir voru spurðir beint út í þjónustu frá þjónustumiðstöðvum. Þeir höfðu lítið um úrræðin að segja og sama máli gegndi um aðstoðina sem í boði var. Aftur á móti var samband viðmælenda við ráðgjafa á þjónustumiðstöð þeim hugleikið. Viðmælendur höfðu misgóða sögu að segja af reynslu sinni af ráðgjöfum. Sumir höfðu bara gott eitt að segja um samskipti sín við ráðgjafa á meðan aðrir voru ekki jafn sáttir. Flestir viðmælenda lögðu áherslu á að persónulegt ráðgjafarsamband byggðist á einstaklingsmiðaðri aðstoð sem hjálpaði þeim í námi þegar illa gekk og væri mikilvægt til að viðmælendur fengju viðurkenningu þegar vel gengi. Einnig nefndu viðmælendur að hefðu þeir ekki greiðan aðgang að ráðgjafa væri það til marks um að um ópersónulega þjónustu væri að ræða. Miklu skipti að fá tilfinningu fyrir því að ráðgjafi sé reiðubúinn að gefa sér tíma og setja sig inn í persónuleg mál viðkomandi.

3.4.1 Þegar illa gengur

Flestir viðmælendur segja að sú aðstoð sem þeim hafi verið veitt af hálfu félagsráðgjafa og/eða náms- og starfsráðgjafa þjónustumiðstöðvar þegar illa gekk í náminu hafi átt stóran þátt í því að þeir héldust í námi.

Þegar viðtalið var tekið við Karl var hann hættur í námi vegna persónulegs vanda. Hann hafði verið á námsstyrk í tvö ár og gengið mjög vel í náminu. Karl segir að ráðgjafi hans hafi látið reyna á allar þær leiðir sem þjónustumiðstöð býður upp á til þess að hann

gæti haldið áfram í náminu og er hann enn á námsstyrk. Karl er staðráðinn í að fara aftur í nám á næstu önn og segir að það sé ráðgjafa sínum að mjög miklu leyti að þakka að hann hafi í hyggju að halda áfram í námi. Ráðgjafinn hafi verið duglegur að minna sig á hvers vegna hann yfirleitt fór í nám. Þá er ráðgjafinn einnig vel inni í persónulegum málum Karls og hefur meðal annars aðstoðað hann við að útvega honum faglega aðstoð til að takast á við erfiðleikana. Þegar Karl var spurður út í með hverjum hætti ráðgjafi hans hafi aðstoðað þegar hann þurfti að hætta í námi svararði hann:

Já, á þessari önn, eins og ég gerði líka en hérna aaaah en ennþá með það í huga að halda áfram eftir áramót, en já eins og ég fann hjá henni var hún af öllum vilja gerð að fara þær leiðir sem höfðu getað verið til þess að ég hafi get haldið áfram á þessari önn og lokið henni og hérna og einhvern veginn svona... hjálpaði að mörgu leyti að... halda í það viðhorf að ljúka þessu námi. Þó svo að þessi önn væri svolítið að fara á hliðina að gefast samt ekki upp, skilurðu mig?

Einar hefur svipaða sögu að segja. Eins og áður hefur komið fram hafði Einari gengið illa í náminu skömmu fyrir viðtalið. Skólaganga hans var í molum vegna ákvörðunar hans um að flytja til vinar síns. Þá hafi skipulagið sem hann hafði komið sér upp farið úr skorðum. Hann varð á eftir í náminu og þurfti á aðstoð að halda til að ná sér aftur á strik. Einar hafði samband við náms- og starfsráðgjafa á þjónustumiðstöð og sagði honum frá slæmu námsgengi. Hann fékk aðstoð við að skipuleggja sig og þá hvatningu sem hann þurfti á að halda til að ná að vinna upp þau verkefni sem hann var kominn á eftir með. Einar segist vera að komast aftur í rútínuna sína en það sé enn í vinnslu og hittir hann náms- og starfsráðgjafa þjónustumiðstöðvar reglulega. Einar segist vera mjög þakklátur fyrir þá aðstoð sem hann fær frá ráðgjafanum og segist hafa rifið sig upp aftur.

Sigurður hefur einnig aðeins gott eitt að segja um þá aðstoð sem hann fær frá náms- og starfsráðgjafa og félagsráðgjafa hjá þjónustumiðstöð. Sigurður segist þurfa á aðstoðinni að halda vegna þess að hann sé með ADHD sem geri honum erfitt fyrir með að skipuleggja sig. Hann hittir ráðgjafana reglulega, en þó aðallega náms- og starfsráðgjafann sem hjálpar honum með að skipuleggja námið. Sigurður segir að ráðgjafarnir sýni sér mikla hlýju og jákvætt viðmót:

Þær eru alveg með þetta mannlega, fannst alltaf eins og maður sé velkominn...og aðstoðin við að skipuleggja sig hefur alveg reddað mér. Já get ekki annað sagt en að ég hef fengið mjög góða aðstoð frá þeim.

Hanna og Pála nefna einnig hvað þær eru þakklátar fyrir persónulegt og hlýlegt viðmót ráðgjafa á þjónustumiðstöð sem sér um þeirra mál í dag. Ráðgjafi þeirra sé laus við alla fordóma og sýni þann skilning sem þær þurfi á að halda. Hönnu og Pálu voru mjög hugleiknir þeir miklu fordómar í samfélaginu sem ríkja í garð raskana sem þær etja við. Þær töluðu um reynslu þeirra af fordómum í þeirra garð í skólakerfinu og í samskiptum við aðra ráðgjafa og starfsfólk hjá þjónustumiðstöð. Sem dæmi nefnir önnur þeirra reynslu af starfsfólki þjónustumiðstöðvar sem sér um símsvörun:

Sko félagsráðgjafinn minn hún er yndisleg. Ég dýrka hana en konurnar sem eru frammi og svara í símann þær voru en eru ekki lengur... þær voru en mér finnst það ekki lengur samt. Maður fann alveg fyrir smá fordómum þar sko. Og oft þegar ég hringdi voru þær svo ókurteisar og leiðinlegar og ég var stundum mjög sár hvernig þær komu fram við mann þegar maður hringdi þarna.

Hanna og Pála vildu meina að fólk sem ekki hefði þekkingu á þeim röskunum sem þær glíma við væri líklegra til að sýna viðmót sem einkennist af fordómum en hinir sem til þekkja. Sem betur fer væri ráðgjafi þeirra vel inni í þeirra málum og þekkti sögu þeirra vel. Það skipti máli þegar þær hafi verið sem veikastar. Ráðgjafinn hafi tekið tillit til veikinda þeirra og þær hafi meðal annars fengið undanþágu varðandi skólasókn og lánmarksnámsárangur, en hvort tveggja eru skilyrði þess að fá greiddan námsstyrk. Pála nefnir að nýlega hafi hún fengið mikið kvíðakast og fannst hún vera að dragast aftur úr í námi vegna þess að hún varð ófrísk. Þá hafi ráðgjafi á þjónustumiðstöð veitt henni þá aðstoð sem hún þurfti:

Já, aðallega eftir að ég varð ólétt þá missti ég svo úr, fékk alveg brjáláð kvíðakast út af því að mér fannst ég vera að detta svo mikið aftur úr og svona. Þá hafði ég samband við hana, talaði við hana og við hittumst einu sinni, ræddum bara markmiðin og hvernig við gætum klárað það. Hjálpaði mér að búta niður verkefnið sem ég var búin að safna upp og missa af.

Halldór hefur einnig átt við veikindi að stríða sem haft hafa áhrif á skólasókn hans og námsárangur. Hann segir að ekki hafi verið tekið tillit til þess hjá þjónustumiðstöð. Hann hafi lent í vandamálum við að fá greidda út fjárhagsaðstoð. Halldór hefur verið hjá öðrum þjónustumiðstöðvum þar sem hann lenti ekki í sömu vandræðum. Hann telur að ástæðan liggja í muninum á áherslu þjónustumiðstöðva varðandi samskiptaform ráðgjafa og skjólstæðinga þeirra. Þegar Halldór er beðinn um að útskýra muninn segir hann:

Já, það að vera með söguna mína fyrir framan sig. Að geta farið í viðtöl mánaðarlega til þjónusturáðgjafa og talað manneskjulega við manneskjuna í staðinn fyrir að vera með einhverjar staðlaðar spurningar og hitta manneskjuna bara til að hitta hana. Þetta var miklu mannlegra. Ég er miklu meira bara svona tala á blaði í þjónustumiðstöð með staðlað kerfi. Og það eru miklu strangari reglur um til dæmis mætingu og svona því þau eru ekki með þessi gögn og eru kannski vanari þessari staðlaðri þjónustu sem að ég er að lýsa. Þessar fáar ástæður sem útskýra hlutina en það. Þau gera bara hlutina öðruvísi.

3.4.2 Þegar vel gengur

Guðrún, Pála og Fjóla tala um að þær séu mjög skipulagðar og samviskusamar varðandi námið og hafi skilað inn mjög góðum einkunnum. Fjóla og Guðrún hafa einnig ávallt skilað inn góðri mætingu og uppfyllt öll þau skilyrði sem sett eru fyrir námsstyrk. Þær segjast vera sjálfbjarga í námi sínu og hafi ekki þurft á neinni aðstoð né undanþágum að halda frá skilyrðum sem eru forsendur þess að hljóta námsstyrk. Pála hefur aftur á móti átt erfitt með skólasókn vegna veikinda en þegar henni gengur vel að mæta er hún með toppeinkunnir.

Pála, Fjóla og Guðrún töluðu allar um að þær væru ekki nægilega ánægðar með viðbrögð frá þjónustumiðstöð þegar þeim gengur vel í námi. Pála og Guðrún nefna báðar að ekki sé tekið tillit til þess hversu vel gengur hjá þeim, þrátt fyrir að ráðgjafarnir séu vel inni í þeirra málum og viti hversu vel þær eru að standa sig. Þær nefna aðallega að þeim sé skipað að sækja námskeið sem þeim finnst vera óþörf og sjá ekki tilganginn með. Pála og Guðrún eru sammála um að það virðist vera að allir sem eru á námsstyrk hjá sömu þjónustumiðstöð séu settir undir sama hatt, eða eins og Pála segir: „Já ég myndi vilja að þetta væri aðeins meira einstaklingsmiðað. Þetta virðist vera svo mikil færibandavinna.“

Guðrún nefnir að það valdi sér vonbrigðum að þjónustan sé ekki einstaklingsmiðuð og að hún hafi þurft að skila inn öllum þessum verkefnum og mæta á námskeið á vegum þjónustumiðstöðvar þar sem hún hefur skynjað að langflestir þátttakendur á námskeiðinu séu staddir allt annars staðar námslega en hún sjálf. Hún taldi að aðrir sem sóttu námskeiðið virtust vel eiga heima þar og þeir virtust samkvæmt Guðrúnu „ekki taka námið eins alvarlega og hún.“ Þegar Guðrún var spurð út í hvernig hún hefði upplifað það að vera sett undir sama hatt og aðrir svararði hún:

Já og líka undir lokin síðasta árið, þá byrjaði skólaönnin og þá þurftirðu að vera með yfir 90% raunmætingu og þú átt að skila inn sem sagt..dagsetningum yfir skilafrestum, verkefnum og öllu og þú áttir að láta frá þér próftöfluna um leið og hún kæmi. Þú áttir að....það var eitthvað meira...og já þú áttir að skila inn mánaðarplani, sem þú varst búin að gera fyrir sjálfan þig. Til að vera meira skipulagðari og þetta... þetta voru ekki hlutir sem ég þurfti á að halda ég var rosalega skipulögð og ég var að sinna mínu námi rosalega vel og ég var að fá rosalega góðar einkunnir. Þetta var bara auka..eee leiðindi fyrir mig að þurfa að standa í þessu og ég veit alveg að félagsráðgjafinn minn... ég var með fullt traust hjá henni. Hún náttúrulega sá bara árangurinn svart á hvítu. Hún efaðist aldrei um það að ég væri að gera annað en að standa mig vel, þannig að mér fannst svolítið, mér gramdist það svolítið að þurfa að gera þetta.

Guðrún, Pála og Fjóla voru allar á því að góðan árangur og samvirkusemi í námi ætti að styrkja meira á borði en í orði. Þær nefna að þrátt fyrir hrós frá ráðgjafa sem var kærkomið og hvetjandi, þá sé það fyrst og fremst það sem gert er til að verðlauna góðan árangur sem máli skiptir.

3.4.3 Greið samskiptaleið

Halldór, Pála og Fjóla leggja ríka áherslu á mikilvægi þess að hafa greiðan aðgang að ráðgjafa. Að þeirra mati er það dæmi um ópersónulega þjónustu að ná ekki í ráðgjafa og þurfa kannski að bíða í langan tíma þar til ráðgjafi hefur samband.. Það veldur þeim streitu að þurfa að bíða eftir að ráðgjafi hafi símasamband eða svari fyrirspurnum í tölvupósti. Þegar ekki næst í ráðgjafa endar það oft en ekki að þeirra sögn á því að námsstyrkur fæst ekki útborgaður á réttum tíma. Sem dæmi um hversu lítið ráðgjafi hennar sé inni í hennar málum nefnir Fjóla að eina aðstoðin sem hún hafi sótt um til þjónustumiðstöðvar hafi ekki gengið upp vegna samskiptaleysis milli hennar og ráðgjafans. Fjóla telur að almennt sé um að ræða mál sem mjög einfalt væri að leysa ef koma mætti í veg fyrir samskiptaleysi milli ráðþega og ráðgjafa. Afleiðingar þessa vanda valda Fjólu miklum áhyggjum. Enda getur dráttur á útborgun námsstyrk valdið ómældum óþægindum. Hún nefnir að hafa fengið útborgað 14. dag mánaðar þegar viðtalið var tekið við hana í stað fyrsta dag hvers mánaðar, eins og venja er:

Borga mér á réttum tíma svo ég geti borgað reikningana mína. Ekki vera alltaf að borga einhverja vexti. Þetta er fáránlegt. Ég er alltaf að fá borgað sautjándi eða eitthvað. Ég fékk útborgað í gær. Samt var ég löngu búin að senda henni email, til að biðja um að þetta sé komið. Já, ef hún gæti bara ekki látið mig stressast svona mikið alltaf um mánaðamót.

Halldór er þeirrar skoðunar að erfiðleikar við að ná í ráðgjafa séu „staðlaða“ og ópersónulega kerfinu að kenna, líkt og áður hefur komið fram. Ólíkt Hönnu og Pálu telur Halldór að ráðgjafinn þekki ekki sögu sína og veikindin og því þurfi hann að útskýra ástæðu þess að hann uppfyllir ekki alltaf mætingarskyldu sem er eitt skilyrði fyrir námsstyrk. Þegar það gerist fær hann ekki útborgað frá þjónustumiðstöð fyrr en hann skilar inn tilskildum pappírurum sem útskýra ástæðu fyrir fjarveru hans frá skóla. Það tekur ráðgjafann þrjá til fjóra daga að svara honum til baka. Á meðan fær hann ekkert greitt sem veldur kvíða með honum. Pála segir að raunin sé önnur hjá sér í dag en hún þegar var áður hjá annarri þjónustumiðstöð hafi hún upplifað sömu samskiptaerfiðleika og Halldór og Fjóla nefna. Pála segir frá reynslu sinni af ráðgjafa sem hún var ekki eins ánægð með og þann sem hún er með í dag. Þegar hún er spurð hvern hún telji vera helsta muninn á ráðgjafanum sem hún er ánægð með og þeim sem hún var síður ánægð með svarar hún: „Einhver sem maður nær ekki í, það er óþolandi.“

4 Umræða

Markmið þessarar rannsóknar er að öðlast innsýn í hvernig ungu fólki á aldrinum 18-24 ára, sem hætt hefur í námi á framhaldsskólastigi, gengur að feta sig á nýjan leik í námi eftir að hafa byrjað að þiggja námsstyrk frá sveitarfélögunum. Námsstyrkur er fjárhagsstyrkur og stuðningur við nám á framhaldsskólastigi ætlaður fyrrgreindum aldurshópi, sem uppfyllir ákveðin skilyrði um félagslegan vanda. Áhersla er lögð á að grafast fyrir um hvað olli því að viðkomandi hætti í námi og komast að raun um hvers konar stuðningur gæti mögulega hjálpað viðkomandi til að ljúka námi og verða sjálfbjarga að námsstyrk loknum.

Helstu niðurstöður voru þær að viðmælendur töldu sig hafa orðið utanveltu í samfélaginu, þar sem þeir stunduðu hvorki nám né vinnu, meðal annars vegna andlegra veikinda og baráttu við fíkniefnamisnotkun. Viðmælendurnar skiptir miklu máli að verða hluti af samfélaginu og þeir sammæltust um að það að mennta sig sé ein forsenda þess að þeir eru virkir samfélagsþegnar í dag. Heilsufarslegir og/eða félagslegir erfiðleikar hafa átt sinn þátt í að viðmælendur flosnuðu upp úr námi. Sameiginlegt með viðmælendum er að erfiðleikar þeirra jukust til muna á unglingsstigi grunnskólans, sem meðal annars leiddi til þess að þeir fóru að sýna andfélagslega hegðun og urðu afhuga námi og skóla. Þeir telja sig ekki hafa fengið þann stuðning sem þeir hefðu þurft á að halda í grunnskóla og voru jafnframt þeirrar skoðunar að reynsla þeirra af félagsþjónustu, stoðþjónustu skólans og kennurum hafi í mörgum tilvikum aðeins gert illt verra. Ekki hafi verið reynt að uppræta rót vandans heldur lögð áhersla á bætta hegðun og skólasókn.

Margir viðmælenda hafa unnið með hamlandi áhrif erfiðleika sinna en eiga samt mikla vinnu fyrir höndum til að ná þeim markmiðum sem þeir hafa sett sér varðandi hugsanlegan náms- og/eða starfsvettvang. Án námsstyrks segjast viðmælendur ekki getað stundað nám, þar sem þeir geti ekki sótt skóla og séð sjálfum sér farborða á sama tíma, hamlana sinna vegna.

Viðmælendur hafa misgóða reynslu af stuðningi þjónustumiðstöðva. Nærri allir voru mjög ánægðir með þá aðstoð/stuðning sem þeir höfðu fengið frá ráðgjafa þjónustumiðstöðvar, en um var að ræða allt frá fjárhagsstuðningi einum saman yfir í aðstoð vegna forræðisdeilu. Gagnrýni viðmælenda gagnvart þjónustumiðstöð beindist fyrst og fremst að drætti á útborgun námsstyrks og ópersónulegri þjónustu. Allir viðmælendurnir sammæltust um að ráðgjafar þjónustumiðstöðvar þurfi að nálgast þá sem einstaklinga með mismunandi áherslur og þarfir, hvað aðstoð og úrræði áhrærir.

4.1 Stuðningur í grunnskóla

Í niðurstöðum komu í ljós tengsl á milli gengis viðmælenda í grunnskóla og slaks árangurs þeirra fyrstu árin í framhaldsskóla. Sértekir námsörðugleikar, ADHD, ADD, andfélagsleg hegðun og/eða erfiðar heimilisaðstæður viðmælenda áttu drjúgan þátt í slakri skólasókn þeirra og námsgengi í grunnskóla. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fjölmargar rannsóknir sem sýna að frammistaða í grunnskóla er ein helsta forspá fyrir brottfalli í framhaldsskóla (Blondal o.fl.,;Falch og Strøm, 2008; Murray, 1997).

Sé horft til viðhorfa og hegðunar viðmælenda gagnvart skólakerfinu, foreldrum og í sumum tilvikum samnemendum í unglingsaldri grunnskóla, svo og fyrstu árin í framhaldsskóla, mætti ætla að viðmælendurna hafi skort skuldbindingu gagnvart námi og skóla. Mikilvægt að nemendur séu skuldbundnir náminu til að sporna við brottfalli úr framhaldsskóla (Adalbjarnardóttir og Blondal, 2012; Fredricks o.fl., 2004;). Viðmælendurnir þróuðu með sér neikvæða hegðun og viðhorf til náms og skóla á unglingsaldri og þetta átti drjúgan þátt í að þeir hættu námi skömmu eftir að skyldunámi lauk. Einn viðmælendanna segist hafa byrjað að nota fíkniefni í áttunda bekk og eftir það hafi hann haft mun meiri áhuga á neyslunni en skólanum. Framhaldsskólinn hafði verið eitthvað til dægrastyttingar og hann hafi fljótt fallið á mætingu. Tveir viðmælendur sögðust ekki hafa séð tilgang með því að stunda nám eftir að þeir byrjaðu á unglingsstigi grunnskólans. Annar vegna þess að hann var ekki lengur að í skóla af skyldurækni við foreldra sína. Hinn sakir þess að hann þvældist á milli fósturheimila og taldi að enginn gæti neytt sig til að sinna skólanum og að vinnumarkaðurinn heillaði meira. Þeir sem sýna andfélagslega hegðun eða áhuga- og skeytingarleysi gagnvart námi og skóla á síðustu árum skólaskyldunnar eru í miklum áhættuhópi hvað brottfall í framhaldsskóla áhrærir. (Adalbjarnardóttir, og Blondal, 2012).

Ein ástæða þess að viðmælendur tileinkuðu sér neikvætt viðhorf gagnvart námi og skóla telst vera ófullnægjandi stuðningur í grunnskóla. Flestum fannst þeir vera misskildir af stoðþjónustu skólans og félagsmálayfirvöldum. Í stað þess að ráðast að rót vandans, svo sem einelti og heimilisofbeldi, fannst þeim öll athyglin beinast að neikvæðri hegðun þeirra og lélegri skólasókn. Dæmi var um að viðmælandi segðist hafa reynt að verjast eineltinu með því að lemja frá sér og þá hafi hann verið gerður að geranda í stað þolanda. Annar sagðist hafa þurft að skipta um skóla á unglingsaldri sökum erfiðleika heima fyrir, sem hafi aðeins gert það að verkum að hann hætti algerlega að fara eftir fyrirmælum frá skólayfirvöldum. Flestir viðmælendanna viðurkenndu mótþróa og að hafa verið ósamvinnuþýðir við fagaðila, á borð við kennara, skólayfirvöld og þá stoðþjónustu sem í boði var innan grunnskólans.

Viðmælendur sáu ekki tilgang með náminu meðan þeir voru í grunnskóla og sumir stunduðu námið einungis vegna þrýstings frá samfélaginu og/eða foreldrum. Í dag segja þeir flestir að einn helsti hvatinn til að stunda nám sé tækifærið til að læra og starfa við það sem þeir hafa áhuga á. Öflugt inngrip frá náms- og starfsráðgjafa í grunnskóla gæti mögulega komið að góðum notum fyrir nemendur sem líkt er ástatt fyrir og þeim sem þátt tóku í rannsókninni. Enda er það m.a. hlutverk náms- og starfsráðgjafa að gera einstaklinga meðvitaðri um viðhorf þeirra, áhuga og hæfileika, til þess að þeir fái notið sín í námi og/eða starfi. Auk þess sem rannsóknir hafa sýnt fram á að skipuleg hugsun ungmenna um nám og störf dregur úr hættunni á brotthvarfi úr námi (Vilhjalmsdóttir, 2010; Menntamálaráðuneytið, 1998).

4.2 Að yfirstíga hindranir

Í viðtölunum kom fram að viðmælendur höfðu átt erfitt uppdráttar í skóla vegna hindrana sem rekja má m.a. til heimilisaðstæðna, geðrænna raskana og/eða vímuefnamisnotkunar. Ætla má að margar þessara hindrana sem heft hafa viðmælendur í námi séu þess eðlis að þeir eigi eftir að þurfa að vinna með þær það sem eftir er ævinnar. Viðmælendurnir töluðu meðal annars um að þeir hefðu verið greindir með röskun sem væri þess valdandi að þeir áttu erfitt með einbeitingu og þurftu að læra að takast á við þann vanda og vinna með hann. Þá áttu viðmælendurnir enn fremur fullt í fangi með að ráða við álagið sem fylgir því að stunda nám á framhaldsskólastigi. Einn viðmælendanna sagðist hafa seigluna til að takast á við þau áhrif sem álagið í

framhaldsskóla hefur á mígreni hennar, en líkt og aðrir viðmælendur beinist hugur hennar að háskólanámi, sem veldur henni áhyggjum. Því vakna spurningar um hvað tekur við þegar námsstyrk sleppir og við taka lánastofnanir og nýjar menntastofnanir, sem ekki eru með eins sveigjanlegt kerfi.

Mikil viðbrigði geta fylgt því að hefja nám á háskólastigi eftir framhaldsskóla, ekki ólíkt því sem á sér stað þegar unglingur lýkur grunnskóla og hefur nám í framhaldsskóla. Einstaklingar geta fundið fyrir auknu álagi sem náminu fylgir og getur það gert þeim erfitt fyrir og vakið með þeim kvíða. Flestir viðmælendur eiga sér sögu um erfiðleika sem hafa heft þá í námi og álagið sem námi fylgir vegur þungt hvað þetta varðar. Í rannsókn Sigurjóns Árnasonar (2012), *Fjárhagsaðstoð með námsstyrk*, kom fram að 41% höfðu farið í frekara framhaldsnám þremur til fimm árum eftir að námsstyrkstímabili lauk. Þessar tölur eru frekar lágar ef haft er í huga að allir viðmælendur í þessari rannsókn stefndu á framhaldsnám á háskólastigi. Þó ber að hafa í huga að viðmælendur í þessari rannsókn þurfa að hafa meira fyrir námi en gengur og gerist.

Nauðsynlegt þykir að vinna markvisst með erfiðleika sem hamla einstaklingum á námsstyrk til að auka líkur á að þeir nái markmiðum sínum, hvort heldur er í framhaldsskóla eða frekara námi að framhaldsskóla loknum. Einstaklingar sem þiggja fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu eiga rétt á aðstoð sem ætluð er til að styðja þá til að ná fram markmiðum sínum og aðstoða þá til að verða sjálfbjarga (Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir, 2012). Viðmælendunum, sem allir sóttu sér aðstoð til þjónustumiðstöðvar vegna hamlandi áhrifa raskana á nám þeirra, var einkum veittur stuðningur í formi undanþágu frá skólasókn, aðstoðar við að skipuleggja sig, eftirfylgni, hvatningar og fjárhagsaðstoðar. Dæmi var um að viðmælendi hafi einungis sóst eftir fjárhagsaðstoð, annar sagðist ekki kannast við að fyrir hendi væru nein úrræði/aðstoð vegna sértækra námsörðugleika.

Viðmælendur eiga margt sammerkt þegar kemur að hindrunum í námi. Það gæti reynst erfitt að koma til móts við erfiðleika viðmælenda vegna þess hve ólíkar orsakirnar eru sem búa að baki. Í rannsókn De Witte og Cabus (2013) kemur fram að ráðgjöf og eftirfylgni til handa námsmönnum drógu úr hættunni á brottfalli úr námi, og sömu sögu er að segja af handleiðslu þar sem nemendur fengu ráðgjafa við hæfi. Niðurstöður þessarar rannsóknar styðja við fyrrgreinda rannsókn þar sem viðmælendur voru flestir á

Því að persónuleg og einstaklingsmiðuð aðstoð af hálfu ráðgjafa hjá þjónustumiðstöð væri sú aðstoð sem hefði gagnast þeim hvað mest til að haldast í námi þegar á bjátaði. Eflaust þurfa mörg þeirra á að halda öflugri sálfræðilegri og félagslegri aðstoð, sem snýr að öðru en skólagöngu þeirra til að feta sig í lífinu þegar námsstyrknum sleppir. En þó þarf að stíga varlega til jarðar þegar ákveða á hvers konar aðstoð þjónustumiðstöð á að veita þeim sem eru á námsstyrk, ef marka má rannsókn Blooms (2010). Samkvæmt henni hefur það sýnt sig að áhersla á að aðstoða brottfallsnemendur með sálfræðileg og félagsleg vandkvæði svo þeir haldist í námi hefur á ekki sýnt fram á bætta árangur, heldur er talið að meiri áhersla á stuðning í námi eða vinnu sé vænlegri til árangurs. Í máli viðmælenda örlar greinilega á bjartsýni á framtíðinni og trú á eigin getu til að vinna bug á erfiðleikum sem núverandi og væntanleg skólaganga hafa í för með sér, með aðstoð frá þjónustumiðstöð Reykjavíkur.

Heimildaskrá

- Adalbjarnardóttir, S. og Blondal, K. S. (2012). Student disengagement in relation to expected and unexpected educational pathways. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 56(1), 85-100.
- Adalbjarnardóttir, S. og Blondal, K. S. (2014). Parenting in relation to school dropout through student engagement: A longitudinal study. *Journal of Marriage and Family*, 76(4), 778-795.
- Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir og Vala Jónsdóttir. (2012). *Aðstæður reykvískra foreldra: Félagslegt tengslanet, tómstundir og almennt heilsufar barna*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Becker, G. S. (1993). *Human Capital. A theoretical and empirical analysis with special reference to education* (3. útgáfa). Chicago: The University of Chicago Press.
- Birna Sigurðardóttir, Bjarni Karlsson, Halldór S. Guðmundsson, Hrafnhildur Gísladóttir, Katla Þorsteinsdóttir og Vilborg Oddsdóttir. (2012). *Farsæld - barátta gegn fátækt á Íslandi*. Reykjavík: Hjálparstarf kirkjunnar og Rauði krossinn í Reykjavík.
- Blondal, K. S., Jonasson, J. T. og Tannhauser, A.-C. (2011). Dropout in a small society: Is the Icelandic case somehow different?. Í Lamb, S., Markussen, E., Teese, R., Sandber, N. og Polesel, J. (ritstj.), *School Dropout and Completion: International Comparative Studies in Theory and Policy* (bls. 233-252). London, New York: Springer Science and business Media.
- Bloom, D. (2010). Programs and policies to assist high school dropouts in the transition to adulthood. *The Future of Children*, 20(1), 89-108.
- Bridgeland J., Dilulio J. og Morison, K. M. (2006). *The silent epidemic: Perspectives of high school dropouts*. Washington: Civic Enterprises.
- Brown, P., Hesketh, A. og Williams, S. (2003). Employability in a knowledge-driven economy. *Journal of Education and Work*, 16(2), 107-126.
- Charmaz, K. (2006). *Constructing grounded theory: A practical guide through qualitative analysis*. London: Sage.
- De Witte, K. og Cabus, S. J. (2013). Dropout prevention measures in the Netherlands, an explorative evaluation. *Educational Review*, 65(2), 155-176.

- Eccles, J. S., Wigfield, A., Midgley, C., Reuman, D., Mac Iver, D. og Feldlaufer, H. (1993). Negative effects of traditional middle schools on students' motivation. *The Elementary School Journal*, 93(5), 553-574.
- Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir. (2012). *Úttekt á fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar*. Reykjavík: Velferðarsvið Reykjavíkurborgar.
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw-Hill Higher Education.
- Eyjólfur Sigurðsson. (2011). *Ævitekjur og arðsemi menntunar*. Sótt af <http://www.bhm.is/media/frettir/AEvitekjur-og-ardsemi-menntunar.pdf>
- Eyjólfur Sigurðsson. (2014). *Þjóðfélagslegur kostnaður af brotthvarfi úr námi á framhaldsskólastigi*. Reykjavík: Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
- Falch, T. og Strøm, B. (2008). *Student progression in upper secondary education: The impact of ability, family background, and schools*. Þrándheimur: Department of Economics.
- Falch, T., Borge, L. E., Lujala, P., Nyhus, H. O. og Strøm, B. (2010). *Completion and dropout in upper secondary education in Norway: Causes and consequences*. Sótt af <http://www.svt.ntnu.no/iso/torberg.falch/Articles/Completion%20and%20dropout.pdf>
- Félags og húsnæðismálaráðherra. (2013). *Skýrsla um árangur vinnumarkaðsaðgerða fyrir ungt fólk*. Sótt af: <http://www.althingi.is/altext/142/s/pdf/0129.pdf>
- Félags- og tryggingamálaráðuneyti. (2009). *Ungt fólk án atvinnu - virkni þess og menntun*. Reykjavík: Höfundur.
- Forsætisráðuneyti. (2011). *Ísland 2020 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag: Þekking, sjálfbærni, velferð*. Reykjavík: Höfundur.
- Fredricks, J. A., Blumenfeld, P. C., & Paris, A. H. (2004). School engagement: Potential of the concept, state of evidence. *Review of Educational Research*, (74), 59-109.
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir. (2000). Skilar náms- og starfsfræðsla árangri? Árangursmat í náms- og starfsfræðslu í 10. bekk grunnskóla. *Uppeldi og menntun: Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 9, 37–56.
- Gunnlaugur Júlíusson (ritstjóri). (2014). *Fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna – leið til virkrar samfélagsþátttöku*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Hagstofa Íslands. (2012). Færri ljúka framhaldsskólastigi á réttum tíma á Íslandi en í flestum OECD-löndum. Sótt af <http://www.hagstofa.is/Pages/95?NewsID=9038>
- Ilse, J. og Carle, J. (ritstjórar). (1998). *Young and unemployed in Scandinavia – a Nordic comparative study*. Nord. Kaupmannahöfn: Norræna Ráðherranefndin.

- Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn. Rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Kristjana Stella Blöndal. (2014). Student disengagement and school dropout: *Parenting Practices as Context* (óútféfin doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2005). Brotthvarf ungmenna frá námi og uppeldisaðferðir foreldra: Langtímarannsókn. *Tímarit um menntarannsóknir*, 2, 11-23.
- Lamb, S. og Markussen, E. (2011). School dropout and completion: An international perspective. Í S. Lamb, E. Markussen, R. Teese, N. Sandberg og J. Polesel (ritstjórar). *School dropout and completion* (bls. 1–18). London: Springer.
- Linda Blöndal Hrafnkelsdóttir. (2014). *Brottfallsnemendur verða bótaþegar*. Sótt af <http://www.visir.is/brottfallsnemar-verda-botathegar/article/2014140519066>
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- Maskína ehf. (2013). *Skýrsla unnin fyrir Vinnumálastofnun árið 2013 um mat þátttakenda á vinnumarkaðsúrræðum*. Reykjavík: Höfundur.
- McKinsey Scandinavia. (2012). *Charting a growth path for Iceland*. Sótt af http://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/5126/ICELAND_Report_2012.pdf?sequence=2
- Menntamálaráðuneyti. (1998). *Efling náms- og starfsráðgjafar*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneyti. (2008). *Efling náms- og starfsráðgjafar: Staða starfs- og námsráðgjafar. Hlutverk og verksvið. Tillögur*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2012a). *Nám er vinnandi vegur, eftirfylgni, árangur og helstu lærdómar haustönn 2011*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2012b). *Nám er vinnandi vegur, eftirfylgni, árangur og helstu lærdómar vorönn 2012*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Brotthvarf úr framhaldsskólum*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2014). *Nám er vinnandi vegur, áttak í menntamálum 2011-2015*. Reykjavík: Höfundur.
- Murray, Á. (1997). Young People without an upper secondary education in Sweden. Their home background, school and labour market experiences. *Scandinavian journal of Education Research*, 41(2), 93-125.
- OECD. (2011). Education at a glance 2011: OECD indicators. *OECD Publishing*. Sótt af <http://www.oecd.org/dataoecd/61/2/48631582.pdf>

- Ómar Valdimarsson. (2014). *Hvar þrengir að? Könnun á hvaða hópar í samfélaginu eigi helst undir högg að sækja*. Reykjavík: Rauði krossinn á Íslandi.
- PriceWaterhouseCoopers Sverige. (2012). *Northern Lights: The Nordic Cities of Opportunity*. Stockholm: PriceWaterhouseCoopers.
- Reykjavík. (e.d.). Náms- og starfsráðgjöf. Sótt af <http://reykjavik.is/thjonusta/nams-og-starfsradgjof>
- Reykjavíkurborg. (2014). Reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg 2014.
- Rosenfeld, L. B., Richman, J. M. og Bowen, G. L. (2000). Social support networks and school outcomes: The centrality of the teacher. *Child and Adolescent Social Work Journal*, 17(3), 205-226.
- Rouse, C. E. (2007). The labor market consequences of an inadequate education. Í Clive, B. og Levin, H. M. (ritstjórar), *The Price We Pay: The Economic and political consequences of inadequate education* (bls. 99-124). Washington: Brookings Institution.
- Rumberger, R. W. (1995). Dropping out of middle school: A multilevel analysis of students and schools. *American Educational Research Journal*, 32(3), 583-625.
- Rumberger, R. W. (2011). *Dropping out: why students drop out of high school and what can be done about it*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2012). *Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga*. Reykjavík: Höfundur.
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2013). *Nám er vinnandi vegur*. Sótt af <http://www.samband.is/verkefni/kjara--og-starfsmannamal/frettir/nr/1691>
- Sigurjón Árnason. (2012). *Fjárhagsaðstoð með námsstyrk: Afdrif notenda námsstyrks í Reykjavík þremur og fimm árum eftir að aðstoð lauk* (óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Svandís Sturludóttir. (2012). *Skuldbinding nemenda til náms. Stuðningur foreldra, kennara og þörf fyrir stuðning og ráðgjöf skóla* (óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Velferðarráðuneyti. (2011). *Nám er vinnandi vegur*. Sótt af <http://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/nr/32752>
- Vilhjalmsdóttir, G. (2010). Occupational thinking and its relation to school dropout. *Journal of Career Development*, 37(4), 677-691.
- Þingskjal nr. 144/2014-2015. Svar mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Páli Val Björnssyni um verkefnið Nám er vinnandi vegur.

Viðauki 1. Viðtalsrammi

Örlítið um einstaklinginn

- Aldur

Reynsla af grunnskóla

- Lauk viðkomandi grunnskólanámi?
- Hvað einkenndi grunnskólareynsluna/árin?
- Félagslegar/Sértækir námsörðugleikar
- Hvernig var mæting?
- Hver var áhugi á námi?
- Félagsleg staða/vinir í skólanum/félagsstarf innan skólans
- Stuðningur frá foreldrum/væntingar foreldra
- Stuðningur frá skólakerfinu/kennara/náms- og starfsráðgjafa/annar stuðningur

Reynsla af framhaldsnámi

- Hefurðu stundað nám í framhaldsskóla?
- Hvers vegna ákvaðstu að hefja ekki nám í framhaldsskóla?
- Hvers vegna laukstu ekki námi í framhaldsskóla/hvers vegna ákvaðstu að hætta í námi?
- Hver er þín helsta hindrun í námi?
- Hver var áhugi þinn á námi þá?
- Félagsleg staða/vinir í skólanum/félagsstarf innan skólans
- Stuðningur í námi

Reynsla af vinnumarkaði

- Hefurðu verið í vinnu, ef svo við hvað hefurðu unnið?
- Hve lengi á vinnumarkaði eftir grunnskóla - hlutastarf/fullvinna?
- Hefurðu verið á atvinnuleysisbótum - ef svo hve lengi - var það áður en þú sóttir um fjárhagsaðstoð frá þjónustumiðstöð?

Notandi á Þjónustumiðstöð

- hversu lengi hefurðu þegið fjárhagsaðstoð frá þjónustumiðstöð?
- Er þetta í fyrsta skipti sem þú nýtir þér þjónustu frá þjónustumiðstöð - ef ekki hversu oft og lengi?

Þjónustan hjá þjónustumiðstöð

- Hvernig var tekið á móti þér þegar þú sóttir um aðstoð hjá þjónustumiðstöð?
- geturðu lýst umsóknarferlinu?
- Var þér boðið að hitta einhverja sérstaka ráðgjafa, t.d náms- og starfsráðgjöf/sálfræðing/virkniráðgjöf/félagsráðgjöf?
- Hvernig hefur þér fundist upplýsingagjöf og stuðningur frá ráðgjöfum áður en þú fórst á námsstyrk?
- Voru einhver skilyrði sett fyrir fjárhagsaðstoð?
- Var þér boðið upp á einhver úrræði til að aðstoða þig við að komast aftur í nám eða vinnumarkað fyrir utan námstyrk?
- En önnur úrræði til að auka virkni/hvaða úrræði og fannst þér þau gagnleg/þurfturðu að sækja um þau sjálfur eða voru þér kynnt þau að fyrra bragði?
- Þurftirðu að samþykkja einhver skilyrði þegar þú nýttir þér úrræðin/skriflega/munnlega, t.d. reglulegur fundur með ráðgjafa eða mætingaskyldu/var gerð einhver áætlun?

Hvernig gengur á námsstyrk:

- Hvers vegna ákvaðst þú að skrá þig aftur í nám?
- Hvaða nám ert þú skráður í?
- Hversu lengi hefur þú verið í námi?
- Hvernig hefur þér gengið?
- Hvað hefur þér fundist helsta hindrun í námi/gerir námið erfitt?
- Finnst þér þú fá nægilegan stuðning í námi frá þjónustumiðstöð, ef svo hvaða stuðningur/í hvernig formi var hann/frá hvaða ráðgjafa?
- Hvernig er eftirfylgnin/hitturðu ráðgjafa reglulega/þarftu að skila inn ákveðnum árangri/mætingu/skilyrði fyrir styrknum?
- En frá framhaldsskólanum, færðu stuðning þar/eru einhver samskipti við ráðgjafa skólanna?
- En milli ráðgjafa þjónustumiðstöðvar og skóla?
- Hvernig sérðu framtíðina fyrir þér/frekara nám, stefnirðu á ákveðna vinnu?
- Framtíðarhorfur og væntingar

Myndirðu segja að menntun væri mikilvæg fyrir sjálfan þig

- Hvers vegna er menntun mikilvæg fyrir þig?
- Skiptir námið þig miklu máli upp á framtíðina?
- Hvers vegna?
- Hvað er það mikilvægasta í náminu?
- Hver eru markmið þín með náminu?

Er eitthvað sem þú vilt bæta við í lokin? Takk kærlega fyrir að hafa gefið þér tíma til að taka þátt.